



Samtökin '78
Starfsskýrsla 2015-2016

Efnisyfirlit

	Formáli formanns	7
1	Inngangur	
1.1	Markmið og skipulag skýrslunnar	9
1.2	Uppröðun kafla og inntak þeirra	9
2	Almennt félagsstarf – stofnanir, skipulag og starfsemi	
2.1	Aðalfundur 2015	11
2.2	Félagsfundir	11
2.3	Opnir kynningar- og upplýsingafundir	12
2.4	Stjórn	12
2.5	Trúnaðarráð	13
2.6	Sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir	14
2.7	Félagslegir skoðunarmenn reikninga	14
2.8	Starfshópar og nefndir	14
2.9	Hagsmunafélög	17
2.10	Tengdir hópar og félög	21
2.11	Ýmis félög og fyrirtæki tengd hinsegin viðburðum og menningu	22
3	Fjármál, rekstur og upplýsingamál	
3.1	Fjármál	25
3.2	Rekstrartekjur og gjöld	25
3.3	Eignir, eigið fé og skuldir	26
3.4	Styrkir og þjónustusamningar	26
3.5	Skrifstofa og starfsfólk	26
3.6	Húsnæðismál	28
3.7	Félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf	29
3.8	Félagsmiðstöð	29
3.9	Félagatal	29
3.10	Upplýsinga- og kynningarmál	30
3.10.1	Endurbætt vefsíða	30
3.10.2	Facebooksíða í vexti	30
3.10.3	Útgáfuverkefni: fræðslubæklingur	30
3.10.4	Útgáfuverkefni: fræðslumyndbönd	30
3.10.5	Útgáfuverkefni: teiknimyndin Hugrakkasti riddarinn	31

4 Verkefni eftir málaflokkum

4.1 Alþjóðamál

4.1.1	Evrópusamstarf: ILGA Europe	33
4.1.2	Evrópusamstarf: EEA Grants – Samstarf um ‘Tengslanet gegn hatri’	34
4.1.3	Úganda – stuðningur við baráttu FARUG	34

4.2 Félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf

4.2.1	Almennt um ráðgjöfina	36
4.2.2	Aukið þjónustuframboð með lögfræðiráðgjöf	36
4.2.3	Markmið með þjónustunni	36
4.2.4	Ráðgjafateymi	37
4.2.5	Almennt um notendur þjónustunnar	37
4.2.6	Skjólstæðingar árið 2015	37
4.2.7	Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2015	38
4.2.8	Þóknun ráðgjafa - þörf á frekar hækkun	39
4.2.9	Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur	39
4.2.10	Þróun núverandi þjónustu og utanumhald	39
4.2.11	Útvíkkun ráðgjafar - netspjall ráðgjafa	40

4.3 Fræðsla og rannsóknir

4.3.1	Almennt um fræðslustarfið	41
4.3.2	Markmið með þjónustunni	41
4.3.3	Markhópar fræðslunnar og fræðslusamningar	41
4.3.4	Inntak fræðslustarfsins - efnistöð, nálganir og leiðir	42
4.3.5	Fræðslan í ljósi aðalnámskrár og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar	43
4.3.6	Fræðsluteymi	44
4.3.7	Fræðslufundir 2015	44
4.3.8	Greiðslur til fræðslustarfsfólks	45
4.3.9	Þróun fræðslustarfs og utanumhald	45
4.3.10	Útgáfa fræðsluefnis - fræðslubæklingur og kynningarmyndbönd	46

4.4 Hatursorðræða og -glæpir

4.4.1	Almennt um hatursorðræðu og -glæpi	47
4.4.2	Kærur á hendur 10 einstaklingum vegna hatursorðræðu vorið 2015	47

4.5	Hælisleitendur og flóttafólk	
4.5.1	Samstarf S78 og Reykjavíkurborgar vegna móttöku flóttamanna	50
4.5.2	Teymi um flóttafólk og hælisleitendur	51
4.6	Menning og viðburðir	
4.6.1	Gallerí 78	52
4.6.2	Starfsemi í Regnbogasal félagsmiðstöðvar	52
4.7	Réttindabarátta og löggjöf	
4.7.1	Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ	54
4.7.2	Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.	54
4.7.3	Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.	55
4.7.4	Kærur og kvartanir	57
4.8	Ungliðahreyfing Samtakanna '78	57
	Viðaukar	
	Lög Samtakanna '78 samþykkt á aðalfundi 2015	59

Formáli formanns

Kæra félagsfólk,

Nú er um það bil að ljúka afar viðburðaríku og stórskemmtilegu starfsári. Við þessi tímamót, er við stöldrum við og förum yfir farinn veg, er mér efst í huga gríðarlegt þakklæti. Þakklæti fyrir að hafa fengið að leiða, og vera hluti af þessari glæsilegu hreyfingu baráttufólks sem Samtökin '78 eru.

Það er alls ekki sjálfsagt að hreyfing hinsegin fólks sé eins öflug, áhrifamikil og skapi hinsegin fólki jafn gott skjól og raun ber vitni. Til þess að gera slíkt að veruleika þarf ákveðna hugsjón og skýran tilgang. Erindi við samfélagið. Það þarf líka ákveðna sýn á hvernig þessi hugsjón er framkvæmd og leiðarljós að vinna eftir. Aðeins þannig er í kjölfarið hægt að setja sér nauðsynleg og markviss mið um hvert skuli stefna og svo hvaða leiðir skuli velja. Síðast en ekki síst verður að hafa öflugan hóp fólks til að framkvæma hugsjónina. Gera hugmyndina að betra samfélagi að veruleika.

Þetta allt finn ég í Samtökunum 78. Samtökunum sem eru fyrst og fremst þið. Þið, þetta frábæra fólk sem hefur ákveðið að standa saman um að berjast fyrir réttindum okkar, lífsgæðum og lífshamingju. Standa saman og berjast af krafti. Af eljusemi. Af virðingu hvert fyrir öðru. Og ekki síst:

Af lífsgleði.

Þegar við lítum yfir liðið ár er margs að minnast. Svo margs að ómögulegt er að gera grein fyrir í stuttu máli. Í skýrslunni er stiklað á því helsta í starfi okkar. Þeim steinum sem ég tel líklega til að varða veginn til framtíðar í starfinu. Listinn er engan veginn tæmandi og það er margt sem ekki ratar inn í skýrsluna eða hefði mátt gera betur grein fyrir. Orsökina er einföld - það gleymdist og ekki vannst tími til. Þið vitið, þessi dæmigerðu atriði í frjálsum félagastarfi. Þar með er ekki sagt að þessir hlutir séu ekki mikilvægir. Þvert á móti. Það er nauðsynlegt að hafa stórar vörður til að varða leiðina í stóra samhenginu en að sama skapi yrði ansi litlaus sú leið sem ekki skartaði ýmsum minni völlum og gróðri. Hlutunum sem oft vilja gleymast í amstri dagsins en sem reynast í raun límið í tilverunni og það sem á endanum gefur henni hvað mest gildi.

Framundan er fyrsta heila starfsárið á Suðurgötu 3. Félagið stendur vel fjárhagslega, skuldlaust í eigin húsnæði og hefur sjaldan staðið vaktina eins vel og nú.

Þökk sé ykkur.

Ég sé ekkert nema bjarta tíma framundan í starfseminni. Njótum vorsins, sumarsins. Fuglasöngsins.

Gleðjumst!

Með ást og friði,
Hilmar

1 Inngangur

1.1 Markmið og skipulag skýrslunnar

Skýrsla þessi byggir á breytingum sem settar voru fram í síðustu skýrslu en þær fólu í sér í ítarlegri upplýsingar, breytingar á kaflauppröðun og framsetningu. Markmið þessara breytinga er að:

- bæta upplýsingagjöf til félagsfólks og almennings
- hafa allar helstu upplýsingar um félagið ávallt aðgengilegar á einum stað
- gefa ávallt gott og skýrt yfirlit sem endurspeglar umfangsmikla starfsemi félagsins

Líkt og áður er skýrslan yfirlit um starf félagsins. Bætt er við fylgigögnum, félagslögum eins og þau litu út að loknum síðasta aðalfundi. Skýrslunni er sem fyrr fylgt úr hlaði með formála formanns.

1.2 Uppröðun kafla og inntak þeirra

Efni skýrslunnar raðað í fjóra meginkafla, auk viðauka sem inniheldur lög félagsins. Köflunum er raðað á eftir formála formanns og viðburðaannál sem á að gefa grófa mynd af þróun liðins árs. Fyrsti kafli tekur á skipulagi skýrslunnar. Næstu tveir kaflar fjalla um stofnanir og þætti eins og upplýsingar og fjármál, sem eru miðlægir og gegnumgangandi í starfseminni. Fjórði kafli fjallar um einstaka málaflokka og er raðað í stafrófsröð eftir heitum:

- **Formáli formanns**
Formálinn er stutt yfirferð formanns á stöðu mála og horfum.
- **Kafli 1 – Inngangur**
Kaflanum er ætlað að varpa ljósi á markmið og skipulag skýrslunnar.
- **Kafli 2 – Almennt félagsstarf – stofnanir, skipulag og starfsemi**
Kaflanum er ætlað að fjalla fjallar um helstu stofnanir félagsins, skipulag þeirra og virkni innbyrðis. Hér er um að ræða aðalfund, félagsfund, stjórn, trúnaðarráð, starfshópa og nefndir, hagmunafélög, tengda hópa og fleira.
- **Kafli 3 – Fjármál, rekstur og upplýsingamál**
Kaflanum er ætlað að varpa ljósi á miðlæga og gegnumgangandi þætti í starfsemi félagsins, s.s. félagatal, starfsemi skrifstofu, starfsmannahald, þjónustubætti, félagsmiðstöð og upplýsinga- og kynningarmál.
- **Kafli 4 - Verkefni eftir málaflokkum**
Kaflanum er ætlað að varpa ljósi á helstu málaflokka sem unnið er með á vegum félagsins og verkefni tengd þeim. Hér er um að ræða alþjóðamál, félags- og sálfræðiráðgjöf, fjölskyldumál, fræðslustarf og rannsóknir, hatursorðræðu og –glæpi, hælisleitendur og flóttafólk, menningar- og viðburðamál, réttindabaráttu og löggjöf og Ungliðahreyfingu Samtakanna '78.

2 Almennt félagsstarf

2.1 Aðalfundur 2015

Fundargerð aðalfundar árið 2015 má finna aftast í skýrslunni, undir kaflanum *Viðaukar*, eða á slóðinni: <http://samtokin78.is/images/pdf/S78-150323-Fundargerð-adalfundar-2015.pdf> en hér á eftir fer útdráttur hennar.

Aðalfundur Samtakanna '78 var haldinn laugardaginn 21. mars 2015 á Kex hostel. Fundarstjóri var Arna Björk Gunnarsdóttir og ritari Ragnar Þorvarðarson. 35 skráðir félagar mættu til fundarins. Hilmar Hildar Magnússon formaður fór yfir starfið síðastliðið ár en veturinn hafði verið stormasamur og vinna við flutninga samtakanna tekið á taugarnar. Eftir flutning af Laugavegi 3 á Suðurgötu 3 var það ljóst að framkvæmdir og breytingar á húsnæði tækju lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir. Þar spilaði inn í að afgreiðsla á byggingarleyfi frá borginni tók afar langan tíma. Hilmar fór einnig yfir stjórnarstörf, fjármál, alþjóðamál, fræðslustarf, ungliðahreyfinguna og ráðgjafastarfsemi. Einnig rifjaði hann upp þegar bókasafn samtakanna var gefið Borgarbókasafni Reykjavíkur og Námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands/Landsbókasafni árið 2014.

Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson þáverandi gjaldkeri fór yfir fjárhagsstöðu félagsins og lagði fram ársreikninga. Þeir sýna að rekstur félagsins var í góðu jafnvægi og það að mestu skuldlaust.

Sjö lagabreytingartillögur voru teknar fyrir á aðalfundinum en ítarlega umfjöllun um þær má finna í áðurnefndri fundargerð aðalfundarins.

Í stjórn voru kjörin Hilmar Hildar Magnússon, formaður María Rut Kristinsdóttir, varaformaður Jósef S. Gunnarsson, ritari Steina Dögg Vigfúsdóttir, gjaldkeri Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, alþjóðafulltrúi, Kittý Anderson meðstjórnandi og Matthew Deaves meðstjórnandi.

Í trúnaðarráð voru kjörin Unnsteinn Jóhannsson, Alda Villiljós, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Daníel Haukur Arnarsson, Júlía Margrét Einarsdóttir, Örn Danival Kristjánsson, Kara Ásdís Kristinsdóttir, Angel Ojara, Setta María Mortensen, og Valgerður Jónsdóttir.

Undir liðnum önnur mál var hagsmunaaðild Intersex Ísland að Samtökunum '78 samþykkt samhjóða.

2.2 Félagsfundir

18.11.15 Fjárhagsáætlun 2016 og kynning á BDSM á Íslandi

Félagsfundur var haldinn í nýju húsnæði samtakanna og voru 25 félagar mættir á fundinn. Steina Dögg Vigfúsdóttir gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun 2016 sem lítur vel út. Magnús Hákonarson formaður BDSM á Íslandi kynnti félagið og sagði frá aðildarumsókn þess að Samtökunum '78 en fyrir lá að félagið myndi sækja um hagsmunaaðild að samtökunum sem kæmi til ákvörðunar félagsfólks á aðalfundi 2016.

2.3 Opnir kynningar- og upplýsingafundir

25.2.16 Kynning á hagsmunaaðildarumsóknum BDSM Ísland og Hinsegin Norðurland
Haldinn var opinn kynningar- og upplýsingafundur um umsóknir BDSM Ísland og HIN – Hinsegin Norðurland að hagsmunaaðild að samtökunum. Fundurinn var vel sóttur og mikið spurt. Formaður var fundarstjóri og bar m.a. upp 11 spurningar sem borist höfðu nafnlaust í gegnum vefsvæði félagsins. Í pallborði sátu Magnús Hákonarson f.h. BDSM Ísland og María Ólafsdóttir f.h. HIN – Hinsegin Norðurland.

2.4 Stjórn

Stjórn Samtakanna '78 var þannig skipuð starfsárið 2015-2016 (með breytingum):

- Hilmar Hildar Magnússon, formaður
- María Rut Kristinsdóttir, varaformaður
- Steina Dögg Vigfúsdóttir, gjaldkeri
- Jósef Smári Brynhildarson, ritari (til 28.7.15)
- Júlía Margrét Einarsdóttir, ritari (frá 26.8.15)
- Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, alþjóðafulltrúi (til 7.10.15)
- Matthew Deaves, alþjóðafulltrúi (frá 21.10.15)
- Kara Ásdís Kristinsdóttir, meðstjórnandi (frá 21.10.15)
- Kitty Anderson, meðstjórnandi

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 21. mars 2015.

Í júlí hvarf Jósef Smári Brynhildarson úr stjórn og skv. gr. 4.5 í lögum félagsins skipaði trúnaðarráð nýjan fulltrúa úr sínum röðum og var það gert á fundi ráðsins þann 19. ágúst 2015. Júlía Margrét Einarsdóttir var ein í kjöri og því sjálfkjörin til starfans sem hún tók við á stjórnarfundum þann 26. ágúst 2015.

Í september baðst Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir undan setu í stjórn vegna anna og hvarf hún úr stjórninni frá og með 7. október 2015. Trúnaðarráð skipaði nýjan fulltrúa úr sínum röðum og var Kara Ásdís Kristinsdóttir ein í kjöri. Hún tók því sæti sem meðstjórnandi þann 21. október 2015 en sama dag tók Matthew Deaves við stöðu Aldísar sem alþjóðafulltrúi.

Stjórn fundaði formlega 23 sinnum á starfsárinu, þar af 18 sinnum á árinu 2015, og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi.

2.5 Trúnaðarráð

Skv. félagslögum Samtakanna '78 skal félagið starfrækja trúnaðarráð félagsfólks og er ítarlega fjallað um það í 5. kafla laganna. Þar segir m.a.:

- 5.1. Trúnaðarráð skal vera samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess. Hlutverk þess skal vera fólgið í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu með stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál, hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og félagsfunda.

Trúnaðarráð Samtakanna '78 var þannig skipað starfsárið 2015-16 (með breytingum):

- Unnsteinn Jóhannsson, formaður
- Kara Ásdís Kristinsdóttir, varaformaður (til
- Sesselja María Mortensen, áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs í stjórn
- Daníel Arnarson, varaáheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs í stjórn
- Alda Villiljós, fulltrúi
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir, fulltrúi
- Valgerður Jónsdóttir, fulltrúi
- Júlía Margrét Einarsdóttir, fulltrúi (til september 2015)
- Angel Buns P'ojara, fulltrúi
- Örn Danival Kristjánsson, fulltrúi

Trúnaðarráð var kjörið á aðalfundi 21. mars 2015. Nokkrar breytingar urðu á ráðinu en Júlía Margrét Einarsdóttir tók sæti í stjórn samtakanna, tók hún við af Jósef Smára Brynhildarsyni. Seinna meir tók Kara Ásdís Kristinsdóttir sæti í stjórn, en fyllti hún sæti Aldísar Þorbjargar Ólafsdóttur. Félagslög gera ekki ráð fyrir skipan nýs fulltrúa í trúnaðarráði í stað þess er hverfur á braut og voru því fulltrúar 8 það sem eftir lifði árs. Auk kjörinna fulltrúa höfðu hagsmunafélög Samtakanna rétt til að skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í trúnaðarráði. Hagsmunafélög starfandi á vettvangi Samtakanna '78 starfsárið 2015 til 2016 voru:

- Félag hinsegin foreldra
- Intersex Ísland
- Íþróttafélagið Styrmir
- Hinsegin dagar
- Hinsegin kórinn
- Q - Félag hinsegin stúdenta
- Trans Ísland

Auk þessara félaga var FAS - Félagi aðstandenda hinsegin fólks og Ungliðahreyfingu Samtakanna '78 gefinn kostur á að skipa sína fulltrúa í ráðið.

Hagsmunafélögin hafa ekki nýtt rétt sinn til að skipa fulltrúa í trúnaðarráðs eins og vonast hefur verið til. Þó voru fleiri skipaðir á þessu starfstímabili trúnaðarráðs en oft áður. Virkni fulltrúa hagsmunafélaga var ágæt en eins og gefur að skilja getur verið nokkuð mikið álag á þeim fulltrúum sem skipaðir eru, enda mjög líklegt að þeir séu einnig virkir í eigin félögum.

Í fyrsta sinn var tekin upp sú breyting að formaður Samtakanna 78 kallaði saman fyrsta trúnaðarráðsfund og stýrði honum þar til formaður var kosinn. Var það mjög til bóta enda kemur það í veg fyrir að einstaklingar upplifi að búið sé að ákveða fyrirfram hver skuli kosinn formaður og varaformaður.

Trúnaðarráð fundaði samtals sex sinnum ásamt því að funda með stjórn tvisvar sinnum eins og lög félagsins gera ráð fyrir. Eftir að Facebook hópurnir Aðaltorgið var stofnað urðu samskipti milli stjórnar, framkvæmdastjóra og annara sjálfbóðaliða miklu betri og opnari. Þannig varð meiri samfella, meira samtal milli allra aðila og betri dýnamík. Sameiginlegir fundir stjórnar, trúnaðarráðs og sjálfbóðaliða er einnig mjög mikilvægur partur í að skerpa það leiðarljós sem unnið er eftir á starfsárinu.

Á fundum trúnaðarráðs var fjallað um fjölmörg málefni er varða hinsegin fólk. Störf stjórnar og trúnaðarráðs, fjáraflanir samtakanna, húsnæðismál og flutningar, málefni hingsegin fólks og þær ákvarðanir sem taka þurfti á hverjum tíma. Trúnaðarráð bar hitann og þungann af atriði samtakanna í gleðigöngunni. Má þar sérstaklega þakka Sigurði Ými, fulltrúa Q – Félags hinsegin stúdenta. Einnig ýtti trúnaðarráð úr vör nýyrðasamkeppninni Hýrýrðum 2015 sem vakti mikla athygli og stóðst allar væntingar.

Þó að hafist hafi verið handa við að móta stefnu fyrir trúnaðarráð þarf enn mikla vinnu til að sú stefna verði að veruleika. Bæta þarf utanhald og eflingu trúnaðarráðs og auka skilning hagsmunafélaganna á tilgangi trúnaðarráðs svo að þau sjái ástæðu til að skipa fulltrúa sína og nýta sér þann vettvang sem trúnaðarráð á að vera fyrir hagsmunafélögin og samtökin. Mælir fráfarandi trúnaðarráð með því að ráðist verði í lagabreytingar á trúnaðarráði svo hægt sé að skýra og brýna hlutverk ráðsins.

2.6 Sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir lögbundnir sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir, að vori og hausti. Fyrri fundurinn var haldinn 18. apríl á Kex Hostel og var hann helgaður starfshópum og verkefnum, skipulagi starfsársins og forréttindafræðslu. Fundurinn var afar vel heppnaður og fjölsóttur, um 30 manns, en lögð var áhersla á að fá inn á hann alla virka sjálfbóðaliða úr starfinu.

Síðari fundurinn var haldinn 10. október í nýju húsnæði að Suðurgötu 3. Hann var heldur fámennari og helgaður málefnastarfi og undirbúningi Ársþings og aðalfundar 2016. Formaður hafði borið upp tillögu um að gera meira úr aðalfundi, til að gera hann eftirsóknarverðari og efla félagsanda, með því að hlaða utan á hann ýmsum viðburðum og kalla ársþing.

2.7 Félagslegir skoðunarmenn reikninga

Sigurjón Guðmundsson og Sverrir Jónsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga starfsárið 2015 til 2016.

2.8 Starfshópar og nefndir

Nokkrar nefndir og starfshópar hafa starfað á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri.

Snemma á starfsárinu var brugðið á það ráð að víkka út sameiginlegt vinnusvæði stjórnar og trúnaðarráðs á Facebook og bjóða þangað inn öllum virkum sjálfbóðaliðum sem á einhvern hátt

koma að starfi samtakanna. Markmiðið með breytingunni var að stækka þann hóp sem virkur er í baklandi samtakanna hverju sinni, greiða fyrir upplýsingum og efla samtakamátt og félagsanda. Breytingin hefur gefið afar góða raun og aukið dýnamík og viðbragðskrafta félagsins til muna. Umræddur Facebookhópur fékk nafngiftina Aðaltorgið og hafa nú yfir 100 virkir félagar aðgang að honum. Hópurinn er opinn og setur í raun þær einu kröfur að torgbúar vinni að hagsmunum félagsins og skjólstæðinga þess og séu virkir í starfinu.

Áfram eru starfandi sjálfstæðir hópar um ýmis afmörkuð verkefni, þá sérstaklega er varða kjarnastarfsemi félagsins á borð við ráðgjöf, jafningjafraeðslu og ungliðastarf.

Starfshópar og nefndir geta verið gríðarlega mikilvægir í starfsemi frjálsra félagsamtaka og oft er það innan slíkra hópa sem meginþungi vinnunar fer fram. Starfshópar eru iðulega stofnaðir í kringum afmörkuð verkefni og/eða málefni og því hægt að hafa fókussinn tiltölulega afmarkaðan og skýran. Þetta, ásamt góðum hópi viljugra sjálfbóðaliða getur skipt sköpum fyrir starfseminu.

Mikilvægt er að halda áfram að þróa stofnanastrúktur félagsins og stefnu um hópana - í beinu sambandi við meginstefnu, markmið og þá þjónustu sem félagið veitir. Skýra þarf skipulag félagsins betur, skilgreina betur starf hópanna m.t.t. til verkefna og þjónustubáttá, opna þá upp fyrir félagsfólki sem hefur áhuga á að sinna viðkomandi málefni, og tryggja betur stöðugt upplýsingaflæði milli hópanna, stjórnar og trúnaðarráðs og starfsfólks félagsins. Ýta þarf undir sjálfstæða og skapandi hugsun og vinnubrögð í starfi starfshópa og fela þeim aukið vægi í stefnumótun viðkomandi málaflokks - þó þannig að starfað sé í nánú samráði við stjórn félagsins - sem á endanum tekur ábyrgð á öllum ákvörðunum þess.

Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2015-2016:

2.8.1 Almennt félagsstarf: Sjálfbóðaliðar S78

Opinn hópur stofnaður haustið 2014 vegna framkvæmda á Suðurgötu. Engin virkni hefur verið í hópnum og hún að mestu færst inn á Aðaltorg samtakanna á Facebook.

2.8.2 Almennt félagsstarf: S78 & BDSM á Íslandi – samstarfshópur stjórnar

Hópurinn var stofnaður í mars 2015 eftir að BDSM á Íslandi leitaði til S78 um samstarf og mögulega hagsmunaaðild. Hópnum er ætlað að vera samstarfsvettvangur fyrir fræðslu og vitundarvakningu um BDSM málefni. Hópurinn var lítið virkur 2015-16.

2.8.3 Almennt félagsstarf: S78 LGBT Foreigners in Iceland

Á haustmánuðum 2011 kom þáverandi formaður S'78 ásamt Ahmad Ba'ara á fót Facebook-hópi fyrir hinsegin útlendinga: S'78 - LGBT foreigners in Iceland – Hinsegin útlendingar á Íslandi. Markmið hópsins er að auðvelda hinsegin útlendingum að tengjast innbyrðis og við aðra, hittast og ræða málin, og vera ákveðin brú inn í hinsegin samfélagið á Íslandi. Lítil virkni hefur verið í hópnum en vonir standa til þess að styrkja frekar þessa starfsemi í nýju húsnæði Samtakanna '78.

2.8.4 Almennt félagsstarf: S78 Stjórnarspjall

Hópurinn er vettvangur núverandi og fyrrum stjórnarmeðlima í Samtökunum '78 og á að þjóna sem reynslu- og þekkingarbanki, er skuldbindingalaus gagnvart notendum og gegnir engu formlegu hlutverki innan S78. Lítil sem engin virkni var í hópnum 2015-16.

2.8.5 Almennt félagsstarf: Ungliðahreyfing

Veturinn 2015 var komið upp samskiptahópi stjórnar S78, stjórnar Ungliðahreyfingar og umsjónarfólks ungliðastarfsins á Facebook sem enn er töluvert notaður. Eins hafa stjórn

S78, umsjónarfólk og ungliðar hist. Markmiðið með samskiptahópnum er að tryggja skýrar boðleiðir og upplýsingaflæði til eflingar og mótunar ungliðastarfsins. Ungliðar og umsjónarfólk hafa eftir sem áður sinn eigin samskiptavettvang á netinu, óháð stjórn S78. Sjá nánar um Ungliðahreyfingu undir kafla 4.7.

2.8.6 Alþjóðamál: Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd hóf störf á vormánuðum 2013 en þar er samankominn fag- og áhugafólki um alþjóðamál sem er stjórn til ráðgjafar og stuðnings. Nefndin hefur verið lítið virk en meginþunginn í alþjóðastarfi verið á herðum stjórnar og alþjóðafulltrúa.

2.8.7 Alþjóðamál: Iceland/Uganda – LGBTQ Cooperation

Samstarfshópur S78 og FARUG í Úganda. Hópurinn var stofnaður 2013 en lítið sem ekkert virkur 2015-16.

2.8.8 Alþjóðamál: Members of Nordic LGBTIA/Queer Organisations

Samnorrænn hópur fólks í stjórnum hinsegin félaga. Stofnaður eftir ársþing ILGA Europe í Riga í Lettlandi í október 2014. Hópnum er ætlað að vera þekkingar- og reynslumiðlun. Hópurinn var ekkert virkur 2015-16.

2.8.9 Alþjóðamál: NALGBT – North Atlantic LGBT

Hópur um samstarf hinsegin fólks á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Stofnaður 2014. Hópurinn er lítið virkur en nú eru uppi þreifingar um að sækja styrki til frekara samstarfs. Hópurinn var ekkert virkur 2015-16.

2.8.10 Alþjóðamál: Verkefnisstjórn Úgandaverkefnis

Hópurinn er skipaður áhugafólki um samstarf við FARUG í Úganda og heldur utan um verkefni félaganna f.h. Samtakanna '78. Hópurinn var virkur 2015-16.

2.8.11 Félags- og sálfræðiráðgjöf: Ráðgjöf

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þeir geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við stjórn, sem einnig hefur aðgang að hópnum. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnum til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagþekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og, ef svo ber undir, hvort hann telji æskilegt að bæta fleirum ráðgjöfum við. Hópurinn er einn helsti vettvangur til mótunar ráðgjafarstarfsins er virkur og í sífelldri þróun.

2.8.12 Fjölskyldumál: Starfshópur um ættleiðingar hinsegin fólks

Opinn hópur skipaður áhugafólki um ættleiðingar hinsegin fólks. Hópurinn vann áfram að málefnum er varða ættleiðingar hinsegin fólks 2015-16.

2.8.13 Fræðsla og rannsóknir: Fræðslunefnd

Í kjölfar félagsfundar í október 2013 var skipuð fræðslunefnd, skipuð áhuga- og fagfólki, um fræðslumálefni í sinni víðustu mynd. Nefndin var hugsuð sem bakland fyrir fræðslustýru um hugmyndir og ráðgjöf. Nefndin starfar óformlega á Facebook en virkni hefur verið engin og mál fremur rædd á Aðaltorgi.

2.8.14 Fræðsla og rannsóknir: Jafningjafræðsla Samtakanna '78

Hópur um skipulag og framkvæmd jafningjafræðslu í fræðslustarfi S78. Hópurinn er mjög svirkur og umræður snúa aðallega að skipulagi fræðslustarfsins.

2.8.15 Húsnæðismál: Regnbogasalur

Hópur um skipulag og starfsemi í Regnbogasal S78. Hópurinn hefur ekki verið virkur eftir lokun húsnæðis S78 á Laugavegi.

2.8.16 Húsnæðismál: VUMS - Verkefnisstjórn um málefni Suðurgötunnar (Húsnæðisnefnd)
Nefndin hefur ekki verið starfandi frá því Suðurgata 3 var tekin í notkun í október sl.

2.8.17 Menning og viðburðir: Samtökin 78 í gleðigöngunni 2015
Opinn vinnuhópur fyrir alla áhugasama vegna atriðis S78 í gleðigöngu Hinsegin daga 2015. Mögulegt er að endurnýta hópinn fyrir næstu gleðigöngu.

2.9 Hagsmunafélög

Greinar 2.4, 2.5, 5.1 og 5.2 í félagslögum Samtakanna '78 kveða á um rétt félaga tengdum hagsmunum samtakanna til að óska eftir því að tengjast félaginu og hafa áhrif á starf þess. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að efla hinsegin samfélagið með því að auka samráð og samhæfingu og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti um málefni hinsegin fólks í víðara samhengi. Greinarnar eru eftirfarandi:

- 2.4. Félög tengd hagsmunum Samtakanna '78 geta óskað eftir því að tengjast félaginu. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði. Til samþykktar á slíkri aðild þarf einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi. Hagsmunafélög skulu hafa eigin kennitölu, sjálfstæðan fjárhag og koma fram opinberlega í eigin nafni en ekki nafni Samtakanna '78.
- 2.5. Samþykkt hagsmunafélög eiga í sínu nafni rétt á tveimur fulltrúum með málfrelsi og tillögurétt á trúnaðaráðsfundum, enda séu þeirra talsmenn fullgildir félagar í Samtökunum '78.
- 5.1. Trúnaðarráð skal vera samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess. Hlutverk þess skal vera fólgið í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu með stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál, hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og félagsfunda
- 5.2. Aðalfundur kys árlega tíu manns í trúnaðarráð. Að auki hafa hagsmunafélög, sbr. 2.4, rétt til að skipa 2 fulltrúa í trúnaðarráð til eins árs í senn, með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt enda séu þeirra fulltrúar fullgildir félagar í Samtökunum '78. Þeir fulltrúar hafa ekki kjörgengi til embættanna innan trúnaðarráðs.

Hagsmunafélög starfandi á vettvangi Samtakanna '78 starfsárið 2014 til 2015 voru eftirfarandi:

2.9.1 Félag hinsegin foreldra

Tilgangur félags hinsegin foreldra er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem hinsegin foreldrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir og fengið stuðning hvert frá öðru. Félagið hefur undanfarin ár staðið fyrir ýmsum viðburðum og tók m.a. þátt í gleðigöngu Hinsegin daga árið 2015.

Nánar á www.facebook.com/felag.foreldra

2.9.2 Hinsegin dagar - Reykjavík Pride

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi.

Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar Pride hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Félagssátt er opin öllum sem vilja styðja félagið og vinna að markmiðum þess, einstaklingum og samtökum. Nánar á www.hinsegin dagar.is og www.facebook.com/reykjavikpride

2.9.3 Hinsegin kórinn

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opin að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Hinsegin kórinn leggur áherslu á fjölbreytt lagaval og líflega framkomu, en frá stofnun hefur kórinn haldið fjölda sjálfstæðra tónleika og komið fram á ýmsum viðburðum. Þar má nefna árlega vor og jólatónleika, opunarhátíðir Hinsegin daga í Reykjavík og Faroe Pride í Þórshöfn í Færeyjum auk þess að koma fram í afmælum, á vinnustaðaskemmtunum og víðar.

Í júní 2014 tók kórinn þátt í Various Voices, alþjóðlegu kóramóti hinsegin kóra í Dublin á Írlandi. Í júlí 2015 kom kórinn fram á tónleikum í London sem gestakór Pink Singers en kórarnir hafa átt í nánu og góðu samstarfi síðan árið 2013 er Pink Singers komu til Reykjavíkur.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Anna Jóhannsdóttir. Nánar á: www.hinseginkorinn.is og www.facebook.com/hinseginkorinn

2.9.4 Intersex Ísland

Intersex Ísland var stofnað þann 27. júní 2014. Félagið er hugsað sem stuðnings- og baráttusamtök fyrir fólk með ódæmigerð kyneinkenni á Íslandi. Frá stofnun hefur félagið beitt sér fyrir fræðslu um málefni fólks með ódæmigerð kyneinkenni. Þá hefur það beitt sér fyrir því að fjallað sé um kyneinkenni í mannréttindastefnum stofnana og félaga og hafa til að mynda bæði Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur í kjölfarið tekið tillit til kyneinkenna í mannréttindastefnum sínum.

Félagið hefur veitt starfsfólki ýmissa stofnana fræðslu og leiddi samstarf við Umboðsmann barna t.a.m. til þess að embættið birti yfirlýsingu vorið 2015 þar sem aðgerðir á kyneinkennum barna eru fordæmdar ef upplýst samþykki einstaklingsins liggur ekki fyrir.

Félagið heldur opna fundi í húsnæði Samtakanna 78 fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði. Nánari upplýsingar má nálgast á www.intersex.is og www.facebook.com/intersexisland

2.9.5 Íþróttafélagið Styrmir

Markmið félagsins frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileiki þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmóttinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSÍ og sívaxandi samstarf er milli Styrmis og Íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Styrmir stendur fyrir reglulegum æfingum í ýmsum íþróttgreinum.

Styrmis félagar mættu galvösk að vanda til æfinga á nýju ári. Mikill kraftur hefur verið í hlaupahóp sem stofnaður var í desember 2014 og hafa allt að 10 manns mætt á æfingar þegar mest lætur yfir sumartímann. Auk þess hefur sundhópurinn verið iðinn og fjölgað æfingum úr tveimur í þrjár á viku. Bæði fótboltinn og blakið fóru í frí þegar kom að haustinu en stefnt er að því að hefja æfingar aftur í þeim greinum haustið 2016.

Fyrir utan reglulegar æfingar hafa Styrmis félagar farið saman og kynnt sér aðrar íþróttgreinar og meðal þess sem við prufuðum á árinu var klifur, búbblubolti og mennskt fúsball. Auk þess tók Styrmir að sjálfsögðu þátt í göngunni á Hinsegindögum. Nánar á: www.facebook.com/styrmir.sport

2.9.6 Q – félag hinsegin stúdenta

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks hér á landi. Félagið hefur að mestu haft aðsetur hjá Samtökunum '78 undanfarin ár, haldið þar fundi og viðburði og haft geymsluaðstöðu.

Markmið félagsins eru: að gefa hinsegin (LGBTQIA+) stúdentum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra; vera sýnilegt afl innan háskólanna og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma; beita sér í réttindabaráttu hinsegin fólks innan og utan háskóla; stuðla að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknum um málefnið innan sem flestra deilda háskóla.

Hvort sem þú ert hinsegin eða ert óörugg(ur) með kynhneigð og/eða kynvitund þína þá er Q fyrir þig. Félagið er fyrir alla þá sem láta sér málefni hinsegin fólks varða. Fólk sem er að stíga sín fyrstu skref, er komið út úr skápnum eða langar að vita meira ættu endilega að hafa samband og taka þátt í starfi félagsins. Félaginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur til að hitta og kynnast fólki á sama reki.

Hópurinn eru stúdentar og ungt fólk sem hittast reglulega og spjalla saman um daginn og veginn. Auk þess stendur Q fyrir öðrum uppákomum til að auka fjölbreytnina, t.d. nördakvöldum, bjórkvöld, fyrirlestur og fræðslu. Q er einnig virkur þátttakandi í IGLYO samtökunum sem og tekur þátt í ýmsum verkefnum út á meginlandið. Árið 2015 voru u.þ.b. 40 manns sendir út á vegum Q í fræðslur, vinnustofur og stór hluti í Lambda sumarbúðirnar.

Áhugafólk er hvatt til að láta sjá sig á fundunum eða senda okkur skilaboð á email eða facebook. Við tökum vel á móti öllum.

Nánar á: <https://hinsegin.wordpress.com/> eða <https://www.facebook.com/Qfelag> eða queer@queer.is

2.9.7 Trans Ísland

Síðastliðið ár er búið að vera viðburðaríkt hjá Trans Ísland. Trans Ísland hélt sína mánaðarlegu viðburði sem voru bæði fjölbreytilegir og vel var mætt á þá. Mikið af nýju fólki er að leita til okkar og erum við með rosalegt flæði af fólki sem kemur til okkar í styttri eða lengri tíma.

Í desember 2015 gaf Trans Ísland út myndband þar sem félagsfólk var fengið til að svara spurningum sem bárust félaginu í gegnum óformlega könnun. Myndbandið hefur fengið gríðarlega góðar móttökur og sat um tíma í "most trending" á Íslandi. Myndbandið hefur fengið yfir 30.000 spilanir og textinn þýddur yfir á 4 tungumál. Myndbandið hefur náð víða og var meðal annars skotmark internet trölla sem að reyndu að taka sig saman og sjá til þess að myndbandið myndi ekki verða vinsælt, meðal annars með að setja öll "dislike" á myndbandið og setja inn niðrandi athugasemdir. Trans Ísland svaraði því með að biðla til fólks að "like-a" og kommenta til þess að myndbandið yrði sýnilegra. Sem betur fer tókst tröllunum ekki áætlunarverk sitt og fær myndbandið sífellt meiri dreifingu. Myndbandið má sjá hér: <https://www.youtube.com/watch?v=OEhKTKrfvSU>

Minningardagur trans fólks var haldinn hátíðlegur 20. nóvember í ráðhúsi Reykjavíkur. Haldið var málþing um trans málefni og feminisma í samstarfi við Kvenréttindafélagið og Feministafélag Íslands. Málþingið gekk vel og er góð byrjun á farsælu samstarfi af mati stjórna félaganna allra. Hátíðleg minningarathöfn var svo haldin þar sem minnst var þeirra sem hafa látist á árinu af sökum fordóma og ofbeldis.

Trans Ísland hélt sitt árlega grill á Klambratúni sem heppnaðist einstaklinga vel. Yfir 70 manns komu yfir daginn, bæði fullorðnir sem og börn.

Trans Ísland tók einnig virkan þátt í frumvarpsvinnu sem snýr að réttindum trans og intersex fólks hérlendis og mun frumvarpið verða lagt fyrir 2016. Trans Ísland er mjög stolt af þeirri vinnu sem þeirra fulltrúar hafa unnið þar og telja þetta vera ákveðin tímamót, þar sem að grasróttin fær tækifæri á að sníða lög og réttindi á sínum eigin forsendum.

Trans Ísland sótti einnig um marga styrki og hefur meðal annars hlotið styrk frá Bifhjólafélaginu Sniglum, Landsbankanum og mannréttindaráði Reykjavíkurborgar. Þessir styrkir munu meðal annars nýtast í að gefa út nýtt fræðsluefni, skipuleggja landsþing þar sem skoðaðar og settar verða helstu stefnur í réttindabaráttu trans fólks í samráði við trans samfélagið og fleira.

2.10 Tengdir hópar og félög

Ýmsir aðrir hópar og félög hafa starfað og starfa enn innan hinsegin samfélagsins með það að markmiði að berjast fyrir réttindum, styðja við hinsegin fólk og aðstandendur, veita félagsskap og skemmtun, hlúa að menningu og fræða. Sum eiga sér lengri sögu en önnur, sum eru í lægð og önnur í vexti. Tengsl þeirra við Samtökin eru með misjöfnum hætti en öll eiga þau sameiginlegt að hafa reynst hinsegin fólki og aðstandendum þess stoð og stytta í baráttu sinni fyrir lífshamingju. Listinn er ekki endilega tæmandi.

2.10.1 AA-deild

Hinsegin AA-fundir eru haldnir hvern sunnudag kl. 13 í húsi AA-samtakanna, Tjarnargötu 20, A-sal á fyrstu hæð. Fundina sækir hinsegin fólk á öllum aldri og hefur þessi deild lifað góðu lífi um árabil. Síðasti fundur mánaðarins er ævinlega svokallaður sporafundur, þá er eitt af reynslusporunum tólf lesið og rætt. Talsvert er um félagslíf í deildinni, sólstoðuveislur tvisvar á ári og lítt skipulagður kaffihúshittingur eftir fundi.

Hér er um að ræða arftaka gay-deildar sem kölluð var upphaflega „Deildin okkar“, stofnuð 1984 og starfaði í Ingólfsstræti uns hún fluttist í húsnæði Samtakanna '78 á Lindargötu 49 árið 1987 og þaðan á Laugaveg 3 árið 1990. Hún fundaði á þriðjudögum kl. 21. Um skamman tíma voru tvær hinsegin deildir starfandi, önnur á Laugavegi 3 á þriðjudagskvöldum en hin í Tjarnargötu 20 á sunnudögum, uns sú í húsnæði Samtakanna lognaðist út af, sennilega árið 2010.

Samfleytt AA-starf hinsegin fólks er með öðrum orðum eitt hið elsta og langlífasta í sögu hreyfingarinnar, og raunar var haldið upp á 30 ára afmælið á Hinsegin dögum 2014. Deildin á Tjarnargötu 20 er auglýst í fundarskrá AA sem er að finna á www.aa.is

2.10.2 FAS – Félag foreldra og aðstandenda

Samtökin '78 og FAS áttu um langt skeið í farsælu samstarfi en starfsemin fékk m.a. styrki til fræðslu úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Starfsemi félagsins félagsins hefur að mestu legið niðri undanfarin ár.

2.10.3 HIN – Hinsegin Norðurland

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi og hafa það markmið að færa út kviarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri þriðjudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalaust umhverfi. Félagið er einnig með facebook-síðu undir nafninu HIN - Hinsegin Norðurland þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólki um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman.

Nánar á: <https://www.facebook.com/hinsegin> eða í netfanginu hinsegin@hinsegin.net

2.10.4 HLDI

Samtök heyrnarlausra lesbía og homma, H.L.D.I voru stofnuð 13. ágúst 1994 og er sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra og tvíkynhneigða heyrnarlausra. Samtökin leitast við að

halda uppi félagslífi fyrir hópinn að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa því að samtökin njóta engra tekna og innheimta ekki félagsgjöld. Meðlimir í samtökunum hist einu sinni í mánuði á veturnar og gera eitthvað skemmtilegt saman, svo sem borða saman í hádeginu, sumarbústaðarferð einu sinni á ári og margt fleira skemmtilegt.

2.11 Ýmis félög og fyrirtæki tengd hinsegin viðburðum og menningu

Félögin eru af ýmsum toga en eiga það öll sameiginlegt að skapa hinsegin fólki vettvang til félagsskapar og skemmtunar. Þau eru virkur þáttur í hinsegin samfélaginu, auðga menninguna og hleypa lit í lífið. Tengsl þeirra við Samtökin eru með ýmsu móti en þau hafa ýmist stutt Samtökin, notið stuðnings þeirra og/eða átt í góðu samstarfi við þau. Listinn er ekki endilega tæmandi.

2.11.1 DOB Iceland

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótörhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótörhjólum leitt gleðigönguna niður Laugavegin á Hinsegin dögum eins og tíðkast í Gay Pride göngum um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksins stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótörhjólasmötökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótörhjól og sé yfirlýst lesbía, s.s Dyke on Bike.

2.11.2 KMK – Konur með Konum

KMK, skemmtifélag er félagskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum má nefna hina árlegu Góugleði, sumarútilegu, kvennakvöld, golfmót, jólabókakvöld o.fl. Í fjölda ára hefur blaklið æft og keppt í nafni KMK.

2.11.3 Bears on Ice

Bears on Ice er félagskapur rekinn án hagnaðarsjónarmiða og miðar að því að auka fjölbreytileika íslensku gay senunnar og fanga nýjustu strauma í tónlist og skemmtun. Bol leitast við að skipta við fyrirtæki sem eru „gay-owned or operated“. Bears on Ice hafa stutt Samtökin '78 dyggilega í gegnum árin og veita félögum afslætti á viðburði. Af þeim ber hæst alþjóðlegu hátíðina sem hefur verið haldin í september ár hvert frá 2005 og er meðal þriggja stærstu hinsegin hátíða á Íslandi. Nánar á: www.bearsonice.org

2.11.4 Kiki Queer Bar

Kiki Queer Bar er hinsegin skemmtistaður á hýrasta horninu í Reykjavík, Laugavegi 22, en húsið á sér langa sögu sem einkonar annað heimili hinsegin fólks. Kiki býður upp á góða tónlist, skemmtun og vinalegt andrúmsloft og er opið um helgar en býður einnig upp á einkasamkvæmi og viðburði af ýmsu tagi. Kiki hefur stutt Samtökin og átt í góðu samstarfi við þau um ýmsa viðburði og annað í gegnum tíðina. Nánar á: www.kiki.is

2.11.5 Pink Iceland

Pink Iceland sérhæfir sig í skipulagningu ferða, afþreyingar, viðburða og brúðkaupa fyrir hinsegin ferðamenn. Pink Iceland býður upp á sérsniðnar „hinsegin ferðir“ þar sem er lagt upp með fordómalaust viðmót í samstarfi við útvalda aðila sem geta uppfyllt kröfur fyrirtækisins. Fyrirtækið tekur að sér skipulagningu brúðkaupa, brúðkaupsferða og öllu því sem því tilheyrir. Pink Iceland sér um skipulagningu Rainbow Reykjavík, sem er árleg hinsegin vetrarhátíð. Pink Iceland vann til Nýsköpunarverðlauna SAF árið 2012 og er stoltur aðili að IGLTA (International Gay and Lesbian Travel Association). Nánar á: www.pinkiceland.is

2.11.6 Draggeppni Íslands

Draggeppni Íslands fer fram árlega í Hörpu. Dragg er trúlega eitt elsta form leiklistar sem þekkist í heiminum og er sprottið upp frá þeim tímum er konum var meinaður aðgangur að því að koma fram á sviði í leiksýningum, sem gerði það að verkum að öll hlutverk kvenna í leikritum voru leikin af karlmönnum. Nú í dag keppast konur og karlar um að verða kóngur og drottning Íslands ár hvert.

Nánar á: <https://www.facebook.com/draggkeppniislands>

2.11.7 Drag-Súgur

Drag-Súgur er grasrótahópur listamanna og skemmtikrafta sem hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum, uppistöndum og skemmtunum með draggi, söng, leik og gleði síðan í nóvember 2015. Nánar á: <https://www.facebook.com/dragsugur>

2.11.8 Innblástur! Arkestra

Innblástur! er samfélagslega meðvituð brassgötusveit sem er opin fyrir þátttöku allra, óháð tónlistarkunnáttu. Vertu með! Hljómsveitin æfir annan hvern þriðjudag og annan hvern föstudag hjá samtökunum á Suðurgötu 3. Úr Fréttatímanum 19.2.16:

Einskonar byltingarhljómsveit æfir reglulega í húsnæði Samtakanna 78 og hefur þann tilgang að vekja athygli á ýmsum samfélagsmálum og spila á mótmælum. Hljómsveitin er alltaf opin fyrir nýjum meðlimum og mæta venjulega um tíu til fimmtán manns á æfingar. Ekki er skilyrði að kunna á hljóðfæri til að vera með. Nú liggur hljómsveitinni mikið á hjarta það óréttlæti sem þeim finnst felast í Dyflinnar-reglugerðinni, enda var tveimur nýjum meðlimum sveitarinnar nýlega synjað um dvalarleyfi á Íslandi.

Nánar hér: <https://www.facebook.com/innblastur>

3 Fjármál, rekstur og upplýsingamál

3.1 Fjármál

Stjórn hefur áfram fylgst náið með þróun í rekstri og reynt að sýna ítrustu íhaldssemi við fjárútlát. Þetta hefur reynst bráðnauðsynlegt enda á tíðum erfitt að hemja útgjöld við fjárfrekar og umfangsmiklar framkvæmdir eins og þær sem staðið hafa yfir við húsnæði félagsins. Tekist hefur að reka félagið með sjálfbærum hætti og telur stjórn að góður grunnur hafi verið lagður fyrir framtíðina enda félagið skuldlaust í eigin húsnæði. Brýnt er að halda áfram á sömu braut og sýna ítrustu aðgát við reksturinn.

Fjármál ársins 2015 litast sterklega af framkvæmdum við nýtt húsnæði á Suðurgötu 3. Þá var Utanríkisráðuneytinu endurgreiddur styrkur sem ætlaður var verkefnum í Úganda. Ómögulegt hafði reynst að koma fjármagni til Úganda árið 2014 eftir öruggum leiðum þar sem starfsemi samstarfsaðilans FARUG hafði m.a. verið gerð ólögleg með lagasetningu. Þetta gerði það að verkum að ekki reyndist unnt að standa við þann tímaramma sem ákveðinn hafði verið í verkefninu og endurgreiddu samtökin því ráðuneytinu styrkinn í upphafi árs 2015.

Á árinu 2015 tókst þó að koma 1 m.kr. til Úganda en þar var um að ræða sjálfsaflafé sem fengist hafði með tónleikahaldi og verið merkt verkefnum með FARUG í Úganda.

Gerð fræðslumyndbandanna „Stattu með“ var fram haldið og urðu töluverð útgjöld vegna verkefnisins á vordögum en þá fóru fram upptökur myndbandanna. Auk þess var greitt fyrir alla eftirvinnslu. Um er að ræða lok á verkefni sem stjórn erfði frá fyrri stjórnunum en verkefnið varð fyrst til á árunum 2010-11.

Félagið sér fram á góða tekjumöguleika með útleigu á sal í nýjum húsakynnum og fer sú útleiga vel af stað. Þá hefur orðið gríðarleg aukning í tekjum af fræðslufundum frá því að framkvæmdastýra hóf störf í september. Tekjur vegna fræðslu hækkaði þannig um tæpar kr. 440.000,- á milli árána 2014 og 2015.

3.2 Rekstrartekjur og gjöld

Rekstrartekjur félagsins árið 2015 námu kr. 16.842.278,- og lækkuðu úr kr. 27.235.431,- frá 2014. Þessi mikli munur skýrist af því að til tekna ársins 2014 teljast sóluhagnaður af Laugavegi 3 og greiðsla á styrk Þróunarsamvinnustofnunar vegna samstarfsverkefnis félagsins við systursamtök í Úganda.

Að sama skapi fóru árið 2015 miklir fjármunir út af reikningum félagsins. Mest munar þar um framkvæmdir vegna endurbóta og standsetningar húsnæðis á Suðurgötu 3 sem féllu að mestu til á árinu 2015. Upphæðir voru talsvert hærri en ráð var fyrir gert en í upphafi var gengið út frá því að stærrí hlutli vinnunnar yrði unninn í sjálfboðastarfi en raunin varð. Þá varð ýmislegt dýrara við framkvæmdir en fyrirhugað var, s.s. útskipting lagna. Launakostnaður hækkaði á árinu en fyrirsjáanlegt er að hann nái jafnvægi á árinu 2016.

3.3 Eignir, eigið fé og skuldir

Virði húsnæði félagsins að Suðurgötu 3 í Reykjavík er 34.000.000 kr. Húseignin er einu varanlegu fastafjármunir félagsins. Veltufjármunir félagsins í árslok 2015 voru 2.000.658 kr. og lækkuðu úr 12.280.510 kr. frá árinu áður. Skuldir félagsins voru í árslok 2015 527.423 kr. en voru 12.280.510 kr. árið áður. Um skammtímaskuldir er að ræða. Félagið býr nú svo vel að eiga húsnæði sitt skuldlaust, og það nýppgert.

3.4 Styrkir og þjónustusamningar

Eins og undanfarin ár hafa Samtökin '78 ekki verið á fjárlögum en notið styrkja frá ríkinu, nánar tiltekið Velferðarráðuneytinu. Styrkur ársins 2015 barst óvenju seint en einnig tók Reykjavíkurborg sér drjúgan tíma í að ljúka samningum um þjónustu og fræðslu en viðræður höfðu staðið yfir síðan haustið 2014 þegar samningar voru lausir. Þetta setti fjárhag félagsins í uppnám og bárust engar tekjur, að undanskildum félagsgjöldum fyrir en í lok júní en þá má segja að hjólin hafi farið að snúast.

Styrkur Velferðarráðuneytisins nam kr. 6.000.000,- og var að fullu greiddur á síðari hluta ársins. Samningar við Reykjavíkurborg voru undirritaðir 26. júní. Um er að ræða tvo samninga, annars vegar um þjónustu, upp á kr. 2.000.000,- á ári. Hins vegar um fræðslustarf, upp á kr. 3.000.000 á ári. Alls er um að ræða kr. 5.000.000,- á ári fyrir árin 2015, 2016 og 2017 eða samtals kr. 15.000.000,- á þremur árum.

Með samningunum við Reykjavíkurborg má segja að verulegum árangri hafi verið náð í að styrkja tekjugrunn félagsins, enda um tvöföldun fjárframlaga að ræða frá þeim kr. 2.500.000,- á ári sem samið var um árið 2011. Þennan árangur ber ekki síst að þakka mikilli vinnu við tiltekt í starfinu og gerð samningsmarkmiða. Þessi vinna gerði það að verkum að samtökin gátu mjög vel gert grein fyrir starfsemi og mikilvægi hennar fyrir velferðarþjónustu í Reykjavíkurborg og var því um mjög skýr þjónustutilboð til borgarinnar að ræða.

Þessi vinna hefur leitt til þess að nú liggja fyrir þjónustulýsingar um kjarnastarfsemi samtakanna, s.s. ráðgjöf og fræðslu. Munu þessar lýsingar leggja grunn að frekara starfi og samningum við önnur sveitarfélög og aðila, og vonandi tryggja skýr markmið og fagleg vinnubrögð.

Á árinu 2015 hófust viðræður við önnur sveitarfélög um samninga vegna fræðslu og þjónustu, og m.a. tókust samningar við Hafnarfjarðarbæ sem koma til framkvæmda á árinu 2016.

3.5 Skrifstofa og starfsfólk

3.5.1 Uppstokkun í starfsmannahaldi, ráðning nýs framkvæmdastjóra – þakkir

Stjórn samþykkti með tölvupóstum þann 28. maí 2015 að undangenginni ítarlegri umræðu, að veita formanni óskorað umboð til að ráðast í skipulagsbreytingar hjá félaginu. Þetta var svo staðfest á stjórnarfundum 1. júní 2015. Textinn sem hér birtist er að mestu upp úr fundargerðum stjórnar.

Í skipulagsbreytingum fólst uppsögn framkvæmdastjóra frá 1. júní 2016 að telja og fræðslustýru frá 1. júlí 2016 að telja. Þá fólst í breytingunum ráðning framkvæmdastjóra í fullt starf. Við starfslok eru þeim Árna Grétari Jóhannssyni framkvæmdastjóra og Uglu Stefaníu Kristjónudóttur Jónsdóttur eru færðar hugheilar þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins og með ósk um velfarnað á nýjum vettvangi.

Formaður hitti framkvæmdastjóra föstudaginn 29. maí 2015 og afhenti honum uppsagnarbréf. Fræðslustýra var afhent uppsagnarbréf mánudaginn 1. júní 2015. Fræðslustýra var stödd erlendis fyrir mánaðamótin og ræddi formaður við hana í síma þá helgi, en formleg uppsögn beið mánudagsins, þegar formaður hitti framkvæmdastýru í eigin persónu. Greiðslur á uppsagnarfresti fræðslustýru tóku því mið af þessu.

Framkvæmdastjóri og fræðslustýra nutu bæði 3ja mánaða uppsagnarfrestar, framkvæmdastjóri til og með 31. ágúst 2015 og fræðslustýra til og með 30. september 2015. Ekki var farið fram á vinnuframlag á uppsagnarfresti, umfram eðlileg skil á gögnum og upplýsingagjöf.

Þann 1. júní 2015 var samþykkt að auglýsa í fullt starf framkvæmdastjóra, til að sinna bæði stjórnun og fræðslu. Umsóknarfrestur var til 30. júní 2015. Alls bárust átta umsóknir og eftir viðtöl við sex umsækjendur var á stjórnarfundum þann 28. júlí 2015 ákveðið að bjóða Auði Magnísi Auðardóttur stöðu framkvæmdastjóra. Gengið var frá ráðningu Auðar í framhaldinu. Nánar um ráðningarferlið má lesa í fundargerðum 4. til 10. fundar stjórnar starfsársins 2015-16.

Sjá á þessari slóð: <http://samtokin78.is/um-felagid/fundargerdir>

Að öðru leyti gekk flest sinn vanagang. Samtökin nutu áfram krafta mikils fjölda sjálboðaliða og starfsfólks í fræðslustarfi, ráðgjöf, ungliðaumsjón og ýmsum starfshópum og verkefnum. Þá ber að geta Fríðu Agnarsdóttur sem stóð vaktina eins og áður, m.a. í húsumsjón og þrífum og sá til þess að húsnæðið virkaði og nóg væri að bíta og brenna.

Öllu þessu fólki eru færðar hjartans þakkir.

3.5.2 Greinargerð vegna skipulagsbreytinga hjá Samtökunum '78

Texti þessi birtist í fundargerð stjórnar frá 1. júní 2015:

Stjórn Samtakanna '78 veitir formanni samtakanna Hilmar Hildarsyni Magnúsarsyni fullt og óskorað umboð til að segja upp framkvæmdastjóra félagsins frá og með 1. júní 2015 að telja og fræðslufulltrúa félagsins frá og með 1. júlí 2015 að telja. Þá veitir stjórnin formanni umboð til að ganga frá starfslokum framkvæmdastjóra og fræðslufulltrúa hjá félaginu. Starfslok skulu gerð í samræmi við góðar venjur, almenn réttindi starfsfólks og skyldur félagsins skv. þeim samningum sem unnið er eftir. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og gerir stjórn félagsins ekki ráð fyrir vinnuframlagi á þeim tíma, utan eðlilegra skila á gögnum o.fl. í samráði við formann.

Stjórn félagsins færir starfsfólkinu kærar þakkir fyrir framlag þeirra til félagsins og óskar þeim velfarnaðar við breyttar aðstæður.

Reykjavík, 28. maí 2015

Hilmar Hildarson Magnúsarson, formaður
María Rut Kristinsdóttir, varaformaður
Steina Dögg Vígfúsdóttir, gjaldkeri
Jósef Smári Brynhildarson, ritari
Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, alþjóðafulltrúi
Matthew Deaves, meðstjórnandi

Kitty Anderson, meðstjórnandi

Greinargerð:

Að baki uppsögnunum liggja fyrirhugaðar skipulagsbreytingar hjá samtökunum sem stjórn hefur ígrundað vandlega og hefur nú ákveðið að ráðast í til að efla félagið og styrkja. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem formaður setti fram á aðalfundi félagsins í mars, en þar boðaði hann m.a. tiltekt í innra starfi félagsins, endurskoðun á kjarnastarfsemi þess og mögulegar breytingar á starfsmannahaldi.

Skipulagsbreytingar - ný 100% staða framkvæmdastjóra

Breytingarnar fela í sér að tvær 50% stöður framkvæmdastjóra og fræðslufulltrúa eru lagðar niður í núverandi mynd en í þeirra stað auglýst ein staða framkvæmdastjóra í fullu starfi. Nýtt starf mun gera breyttar kröfur til starfsfólks frá því sem nú er.

Aukin yfirsýn, drifkraftur, samfella og utanumhald

Stjórn félagsins er afar þakklát fyrir allt það frábæra fólk sem lagt hefur gott til félagsins í gegnum árin. Það er hins vegar mat stjórnar að núverandi fyrirkomulag, að launað starfsfólk félagsins sinni félaginu í hlutastarfi, takmarki nauðsynlega yfirsýn, samfella og utanumhald verkefna. Þá náist ekki upp sú viðvera og drifkraftur sem nauðsynleg séu til að tryggja faglegt og kraftmikið starf við aðstæður þar sem þungi verkefnanna fer stöðugt vaxandi. Með breytingunum vonast stjórn til að tryggja góða yfirsýn, nauðsynlegan drifkraft, samfella í starfseminni og utanumhald þeirra verkefna sem samtökin fást við.

Breyttar áherslur

Meginverkefni félagsins snúa einkum að hlutverki þess sem málsvara hinsegin fólks í opinberri umræðu, almennri hagsmunagæslu, m.a. gagnvart löggjafa og opinberum stofnunum, fræðslu um málefni hinsegin fólks, ráðgjöf og stuðningi við hinsegin fólk, vini þess og fjölskyldur, ungmennastarfi, sem og menningar-, stuðnings- og félagsstarfi almennt. Stjórn samtakanna hyggst nú leggja aukna áherslu á þessa þætti.

Ný staða framkvæmdastjóra mun í meira mæli en hingað til fela í sér lykilþætti á borð við fjáröflun, daglegan rekstur, almannatengsl og hagsmunagæslu gagnvart löggjafa og öðrum stofnunum samfélagsins. Eins er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri hafi yfirumsjón með fræðslustarfi samtakanna. Þessar breytingar á eðli starfsins kalla á breyttar kröfur um hæfni og/eða menntun.

Nýtt starf auglýst - horft til framtíðar

Stjórn Samtakanna '78 mun á næstunni auglýsa nýtt starf framkvæmdastjóra í samræmi við það sem nefnt hefur verið að framan. Að sinni verður ekki um fleiri launaðar stöður að ræða. Að því sögðu er það stefna stjórnarinnar að efla félagið áfram og vonandi bæta við starfskröftum, hvort sem um er að ræða í hlutastörfum eða heilum stöðum. Þar horfir stjórn til þess að geta notið krafta og þekkingar þeirra félaga sem komið hafa að starfinu undanfarin ár, m.a. á sviði fræðslumála og ungmennastarfs.

3.6 Húsnæðismál

Framkvæmdum við nýtt húsnæði að Suðurgötu 3 er nú að mestu lokið. Enn er eftir minniháttar frágangur, auk þess sem brýnt er að huga að nýjum lausnum í ráðgjafaherbergi en komið hefur í ljós að hljóðeinangrun er ekki sem skyldi. Þá þarf að huga að bættri hljóðvist í aðalrymi, t.d. með

uppsetningu gluggatjalda til dempunar og gera rýmið almennt meira aðlaðandi og notalegra. Eins að huga að frekari húsgagnakaupum en keyptir hafa verið tveir sófar og tveir hægingastólar. Að öðru leyti er notast við húsgögn sem fengust gefins frá Háskóla Íslands. Fylgjast þarf vel með ástandi hússins að utan og huga strax að brýnu viðhaldi, en gert var við árið 2015 til að komast fyrir leka.

Stjórn hefur frá upphafi verið viðbúin því að framkvæmdir við húsið tækju tíma. Lögð hefur verið áhersla á að fjármagn væri til fyrir framkvæmdum og húsbúnaði eða málum þannig komið fyrir að þessi atriði settu aldrei fjárhag félagsins í hættu. Um leið hefur verið reynt að halda uppi eins okkalegum framkvæmdahraða og efni og aðstæður leyfðu. Þetta hefur tekist nokkuð vel þótt framkvæmdatíminn hafi dregist úr hófi. Þá telur stjórn eðlilegt að það geti tekið nokkra mánuði að finna heppilegan takt í starfsemi á nýjum stað og læra á vistarverunum.

Framkvæmdir við Suðurgötuna reyndust umtalsvert fjárfrekari en lagt var upp með í fyrstu, eða alls tæpar 11 m.kr. á árunum 2014 og 2015. Helgast þetta m.a. af nokkrum ófyrirséðum verkþáttum á borð við nauðsynlega útskiptingu og endurnýjun allra skólplagna. Þá urðu verulegar tafir á framkvæmdum, m.a. vegna tafa hjá byggingafulltrúa og ónógs utanumhalds, yfirsýnar og eftirrekesturs mála, sem batnaði verulega þegar nýr framkvæmdastjóri tók til starfa í fullu starfi.

Stærsti kostnaðaraukinn skýrist af því að í upphaflegum áætlunum var horft til þess að hægt yrði að framkvæma að mestu í sjálfböðnu starfi félaga. Sú bjartsýni dugði skammt og erfitt reyndist að fá sjálfböðaliða til framkvæmda. Niðurstaðan var að ráða iðnaðarmenn til starfa, en ella vinna verkið enn hægar. Erfiðleikunum var þó ekki lokið hér, því erfitt reyndist að fá góða iðnaðarmenn til starfa og þurfti t.d. tvisvar að skipta um smíð – með tilheyrandi töfum og óhagræði. Samið var við nokkra iðnaðarmenn um góðan afslátt – en það þýddi einnig að framkvæmdir annars staðar gátu lent í forgangi.

3.7 Félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf


Hjá Samtökunum '78 er starfandi teymi fimm sérfræðinga sem sjá um félags- og sálfræðiráðgjöf félagsins. Þá var þjónustan aukin á árinu og við bættist lögfræðilegur ráðgjafi. *Sjá nánar kafla 4.2.*

3.8 Félagsmiðstöð

Sjá nánar undir kafla 4.5.

3.9 Félagatal

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu 2015 voru 501 talsins og fjölgar úr 455 frá árinu áður eða um 46 manns. Skráðum félögum fjölgaði úr 1.073 árið 2014 í 1.120 árið 2015 eða um 47 manns. Þetta er ánægjuleg aukning og sú mesta sem hefur orðið undanfarin ár. Alls hefur borgandi félögum fjölgað um 53% frá árinu 2011. Meðalaldur félagsfólks er 42 ár.



Félagsgjöldin hafa verið óbreytt frá árinu 2012 eða sem hér segir: Almennt félagsgjald kr. 4.900, 2.500 krónur fyrir 67 ára og eldri sem, öryrkja og námsfólk og 1.500 fyrir ungliða 19 ára og yngri. Ákveðið var að hætta að binda námsmannaafslátt við fólk 24 ára og yngra – enda var stjórn félagsins bent á að í slíku gæti falist aldursmismunur.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2015 nam kr. 2.208.200,-.

3.10 Upplýsinga- og kynningarmál

Samtökin '78 halda úti vefsíðu sinni samtokin78.is ásamt samfélagsmiðlum á borð við Facebook síðuna facebook.com/samtokin78 og Twitter síðuna twitter.com/samtokin78. Þar að auki lifir Facebook síða Hýraugans enn ágætu lífi þrátt fyrir að vera aðeins efnisveita fyrir vefsíðu Samtakanna. Þá nýta Samtökin fréttabréf sem sent er á félagsmenn sem hafa skráð sig á póstlista í á vef Samtakanna. Á haustdögum 2015 tóku samtökin einnig Instagram í þjónustu sína og birtast þar nú oft myndir frá ýmsum viðburðum á vegum félagsins.

Almennt er þörf á því að marka skýrari stefnu í upplýsinga- og útgáfumálum – stefnu sem þjónar starfseminni og stuðlar að varðveislu gagna. Mikilvægi söfnunar, varðveislu og miðlunar á upplýsingum í félagsstarfinu, bæði inn á við og út á við, er óumdeilt, en önnur brýn rekstrarverkefni hafa valdið því að ekki hefur verið hægt að sinna upplýsingamálum sem skyldi. Nú er framkvæmdum við húsnæði svo til lokið, ný framkvæmdastýra komin vel inn í sitt starf og útlit fyrir frekari sókn í starfsmannahaldi. Við þær aðstæður er fyrirsjáanlegt að hægt verði að setja aukinn kraft í þennan mikilvæga þátt starfseminnar.

3.10.1 Endurbætt vefsíða

Vefsíða félagsins gekk í endurnýjun lífdaganna á árinu en Páll Guðjónsson, sem útnefndur var vefstjóri félagsins á aðalfundi 2015, bar hitann og þungann af skipulagi og framkvæmd þess verkefnis. Kann stjórn samtakanna honum bestu þakkir fyrir þetta mikilvæga og óeigingjarna starf. Vefsíðan hefur nú fengið nýtt útlit og verið uppfærð og yfirfarin með tilliti til öryggismála og annarra þátta.

3.10.2 Facebooksíða í vexti

Facebooksíða samtakanna hefur vaxið gríðarlega á árinu 2015. Þann 1. janúar 2015 var fjöldi þeirra sem líkar við Facebook síðu samtakanna 3.440 en ári síðar, þann 31. desember var fjöldinn 4.527. Þetta er aukning um 32% á einu ári. Stærsta stökkið kom dagana 27. apríl – 1. maí en þá fjölgaði þeim sem líkar við síðuna um u.þ.b. 250 manns.

Má að öllum líkindum rekja það til þess að samtökin lögðu fram kærur vegna haturaróðurs sem fengu mikla umfjöllun í fréttum.

3.10.3 Útgáfuverkefni: fræðslubæklingur

Fræðslubæklingurinn „Hvað er hinsegin“ kom út í september 2015 og var prentaður í 4.000 eintökum. Reykjavíkurborg styrkti gerð bæklingins. Honum hefur verið dreift víða í fræðsluheimsóknum á vegum samtakanna og til þeirra sem þess hafa óskað. Til að mynda fengu Útlendingastofnun og lögreglan nokkurn fjölda bæklinga.

3.10.4 Útgáfuverkefni: fræðslumyndbönd

Á haustmánuðum 2015 lauk framleiðslu fræðslumyndbanda sem í vinnuferlinu voru nefnd „Stattu með“ en hlutu að endingu nafnið „Ég er ég“. Nú í ársbyrjun 2016 hefur myndböndunum ekki verið dreift en til stendur að nota þau í kynningarefni fyrir samtökin á árinu. Þau sem unnu að myndböndunum eru:

Leikstjórn og framleiðsla: Heiður María Rúnarsdóttir og Annetta Ragnarsdóttir

Kvikmyndataka: Erla Hrund Halldórsdóttir

Tónlist: Beta Eyþórs

Sérstakar þakkir: Luxor, Kukl, Kvikmyndaskóli Íslands

3.10.5 Útgáfuverkefni: Teiknimyndin Hugrakkasti riddarinn

Þann 18. desember 2014 hlutu samtökin styrk að upphæð 270.000 kr. til að láta þýða, talsetja og kynna myndina *The Bravest Knight Who Ever Lived* eftir Daniel Errico. Sagan segir frá ungum hinsegin riddara og ævintýrum hans. Samtökin fengu Veturlíða Guðnason til að snara textanum yfir á íslensku og Stúdíó Sýrland sá um talsetningu. Hlé varð á vinnu við gerð myndarinnar, m.a. við framkvæmdastjóranskipti hjá samtökunum. Vinnu við myndina lauk í desember 2015 og verður hún kynnt á vordögum 2016.

4 Verkefni eftir málaflokkum

4.1 Alþjóðamál

Samtökin '78 hafa haldið úti alþjóðasamstarfi í ár eins og mörg undanfarin ár. Hér má Evrópusamstarf undir merkjum ILGA Europe, þátttöku í samstarfi við Spán og Noreg um 'Tengslanet gegn hatri' en því verkefni lauk á árinu og samstarf við FARUG í Úganda. Eins hafa samtökin sem fyrr tekið á móti gestum, m.a. hópi fulltrúa frjálsra félagsamtaka frá Rúmeníu.

4.1.1 Evrópusamstarf: ILGA Europe

Samtökin '78 hafa um árabíl verið aðildarfélag ILGA-Europe sem eru regnhlífarsamtök yfir 400 hinsegin félaga um alla Evrópu. ILGA-Europe starfrækja skrifstofu í Brussel og njóta eins og mörg önnur mannréttindasamtök styrkja frá Evrópusambandinu. Eins og undanfarin ár unnu samtökin efni fyrir árlegt regnbogayfirlit ILGA Europe um stöðu mannréttinda hinsegin fólks í Evrópu. Yfirlitið kom út þann 10. maí 2015 á ráðstefnunni European IDAHOT 2015 í Svartfjallalandi.

Samtökin '78 tóku ekki þátt í ársþingi ILGA Europe sem haldið var í Aþenu í október 2015 vegna dýrra yfirstandandi framkvæmda við húsnæði félagsins og óvissu um tekjur. Formaður Intersex Ísland, Kitty Anderson, tók f.h. félagsins þátt í ársþinginu.

Regnbogayfirlit ILGA Europe 2015

Á fyrri hluta ársins bar hæst vinnu við ársskýrslu og lagalegt skorkort ILGA-Europe um stöðu mannréttinda hinsegin fólks í Evrópu á árinu 2014, svokallað regnbogayfirlit. Yfirlitið kom út þann 10. maí 2015 á árlegri ráðstefnu sem sem haldin er í tilefni IDAHO (BIT) - Alþjóðadags gegn hómó-, tvíkyndhneigðar- og transfóbíu. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Svartfjallalandi. Yfirlitið kom nú út í fjórða sinn en tilgangur útgáfunnar er að draga upp raunsanna mynd af lagalegri, pólitískri og félagslegri stöðu hinsegin fólks í Evrópu. Hverju ríki í Evrópu, þ.m.t. Íslandi, er tileinkaður sérstakur kafli í ársskýrslunni þar sem stiklað er á stóru yfir stöðu og þróun mála. Þá er ríkjunum gefin einkunn í prósentum á skorkortinu, í samræmi við mat á lagalegri stöðu, þar sem 100% merkir að fullu jafnrétti hinsegin fólks sé náð en 0% að hinsegin fólk búi við stórfelld mannréttindabrot og mismunun.

Ísland skorar í ár 63% og er í tólfta sæti ríkja Evrópu, fellur úr því áttunda frá fyrra ári. Ástæða þessa er að réttarstaða hinsegin fólks hefur t.a.m. batnað á Möltu, í Króatíu, Danmörku og Frakklandi, en öll þessi ríki taka nú fram úr Íslandi. Staða hinsegin fólks í Evrópu er áfram mjög misjöfn. Þannig uppfyllir Bretland 86% viðmiðanna og situr áfram í efsta sæti, og hækkar raunar á milli ára, úr 82%. Belgía situr áfram í öðru sæti og hækkar einnig, úr 78% í 83%. Athygli vekur að Malta vermir nú þriðja sætið með 77% viðmiðanna og stekkur upp um heil átta sæti, úr 57%. Ástæða þessa eru aðgerðir ríkisstjórnar Möltu sem hefur undanfarið sýnt skýra pólitíska forystu um að breyta löggjöf ríkissins og þar með stórbæta réttarstöðu hinsegin fólks í landinu. Í þremur neðstu sætunum sitja nú Azerbajjan með 5%, Rússland með 8% og Armenía með 9%.

Regnbogayfirlit ILGA Europe hefur reynst gott verkfæri fyrir baráttufólk fyrir réttindum hinsegin fólks en það hefur vakið talsverða athygli íslenskra fjölmiðla við birtingu og hefur þannig stuðlað að vitundarvakningu meðal almennings um stöðu hinsegin fólks á Íslandi og í Evrópu. Yfirlitið hefur einnig haft afgerandi áhrif á löggjafarstarf á Alþingi. Það varð þannig kveikjan að þingsályktunartillögu Katrínar Jakobsdóttur, Sigríðar

Ingibjargar Ingadóttur, Svandísar Svavarsdóttur og Oddnýjar G. Harðardóttir um skipan nefndar um málefni hinsegin fólks en nefndin var skipuð af félagsmálaráðherra Eygló Harðardóttur og situr enn að störfum. Samtökin '78 eiga einn fulltrúa í nefndinni.

4.1.2 Evrópusamstarf: EEA Grants - Samstarf um 'Tengslanet gegn hatrí'

Samtökin '78 tóku árið 2015 þátt í verkefninu 'Tengslanet gegn hatrí' eða 'Network against hate' sem hófst árið 2014. Verkefninu lauk á árinu, m.a. með myndbandaherferð sem ætlað er að vekja almenning til vitundar um hatursorðræðu og -glæpi.

Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði EFTA með svokölluðum EEA Grants (EES styrkjum) en sjóðinn hefur Ísland rekið ásamt Noregi og Liechtenstein síðan landið varð aðili að Evrópska efnahagssvæðinu 1994. Styrkir eru á sviði félagasamtaka en tilgangurinn er að auka þátt frjálsra félagasamtaka í stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda á öllum stigum stjórnsýslunnar.

Þetta verkefni er fyrst og fremst spænskt en það eru landssamtök hinsegin fólks á Spáni, FELGTB, sem eru styrkþegi. FELGTB leituðu svo m.a. til Samtakanna '78 og systursamtaka þeirra í Noregi, LLH, til að leggja verkefninu lið. Verkefninu sjálfu, 'Tengslaneti gegn hatrí', er ætlað að stuðla að viðtækum og samhæfðum aðgerðum gegn hatursglæpum og mismunun sem hinsegin fólk og aðrir hópar verða fyrir á Spáni. Þessu á að ná með samvinnu milli samfélaga, frjálsra félagasamtaka og stjórnsýslu sem styrkir virka samfélagsþátttöku og vinnur þannig gegn gegn mismunun og að því að styrkja mannréttindi. Þau sem njóta munu góðs af verkefninu eru fórnarlömb hatursglæpa á öllum aldri. Þá er sérstök áhersla á að börn og ungmenni sem verða fyrir neteinelti fái ráðgjöf og stuðning.

Samtökin '78 tóku þátt í tveimur viðburðum vegna verkefnisins árið 2015. Sá fyrri var haldinn í Madrid dagana 11. til 14. júní en hann sóttu Matthew Deaves alþjóðafulltrúi, Sesselja María Mortensen áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs í stjórn og Kitty Anderson meðstjórnandi. Um var að ræða verkefnafundi og ráðstefnu um hatursorðræðu og -glæpi þar sem Kitty Anderson flutti m.a. erindi. Síðari viðburðurinn var fundur í Madrid í september og sótti Sesselja María Mortensen hann f.h. Samtakanna '78.

4.1.3 Úganda: stuðningur við baráttu FARUG

Íslandsdeild Amnesty International bauð úgönsku baráttukonunni Köshu Nabagesera til Íslands í apríl 2013 í samvinnu við Samtökin '78 og fleiri. Í kjölfarið var ákveðið að stofna til samstarfs Samtakanna '78 og FARUG – Freedom and Roam Uganda, sem eru hinsegin samtök í Úganda.

Þótt FARUG séu kvennasamtök vinna þau náið með öðrum samtökum hinsegin fólks. Samtökin tvö hafa síðan 2013 unnið töluvert saman og er þessum samskiptum gerð skil í ársskýrslum Samtakanna '78 2013-14 og 2014-15. M.a. var hér um að ræða söfnunaráttak og áætlaðan stuðning við verkefni í þágu hinsegin fólks í Úganda en þörfin á slíkum stuðningi er enn mikil.

Þróunarstyrkur frá utanríkisráðuneyti

Samtökin '78 fengu í desember 2013 úthlutað þróunarstyrk frá Utanríkisráðuneytinu vegna samstarfsins en þurftu að hverfa frá fyrirhuguðum verkefnum og að lokum að skila styrk til ráðuneytisins vegna erfiðrar stöðu í Úganda sem gerði ómögulegt að koma peningum til landsins eftir öruggum leiðum. Gert er grein fyrir þessu í ítarlegra máli í ársskýrslu 2014-15.

Samtökin '78 styrkja fjölmiðlaverkefnið Kuchu Times

Þótt styrk Utanríkisráðuneytisins hafi verið skilað í upphafi árs 2015 áttu Samtökin '78 hins vegar enn það sjálfsaflafé sem safnað var á sínum tíma til verkefna í Úganda, m.a. á styrktartónleikunum Tónleikar með tilgang vorið 2013. Stjórn samtakanna var einhuga um að þetta fjármagn þyrfti að nýta í samræmi við upphaflegar áætlanir. Því var brugðið á það ráð að leita allra leiða til að koma því í góð verkefni í samvinnu við samstarfsaðilana í Úganda.

Skv. skýrslu frá FARUG, samstarfsfélagi okkar í Úganda, komst styrkurinn frá Samtökunum 78, upp á alls um 8.000 dollara, til skila í ágúst 2015 og var nýttur við framkvæmd frumkvöðla- og fjölmiðlaverkefnisins Kuchu Times Media Group (KTMG). Skv. skýrslunni var markmið verkefnisins að gera Kuchuhu Times að fjölmiðlaveldi og breyta þannig og hafa jákvæð áhrif viðhorf almennings í Úganda til hinsegin fólks.

Styrkurinn frá Samtökunum 78 gerði aðstandendum Kuchu Times kleift að fjárfesta í tækjabúnaði til starfseminnar. Um var að ræða þrjár iMAC borðtölvur, eina stóra stúdíó myndavél, tvö hljóðupptökutæki og tvo hljóðnema. Þá nýttist styrkurinn til ferða fjölmiðlateymis Kuchu Times til að safna sögum frá ólíkum svæðum í Úganda, þar á meðal í austur-, vestur- og miðhluta landsins.

Aðstandendur Kuchu Times telja styrkinn hafa átt þátt í mælanlegum árangri fjölmiðlunarinnar. Á fyrstu átta mánuðum fjölmiðlunarinnar hafi áhorf á vefinn þannig náð einni milljón skipta og auk þess hafi rafrænni útgáfu blaðsins Bombastic Magazine verið hlaðið niður meira en 2 milljón sinnum. Vöxturinn í starfseminni hafi verið mikill og mikil eftirspurn eftir þjónustunni. Að mati aðstandendanna hefur verkefnið notið mikillar velgengni og telja þeir að Kuchu Times fjölmiðlunin hafi vaxið í það að vera miðstöð fréttu af þessu tagi í Úganda, Afríku og heiminum öllum.

Markhópar aðstandenda Kuchu Times eru aktívistar, allir bandamenn hinsegin fólks, fræðimenn, nemendur, fjölskyldur, vinir og velunnarar. Vefsvæðið hefur einnig dregið að sér hópa sem eru andsnúnir hinsegin fólki. Aðstandendur verkefnisins telja þessa hópa þannig læra sitthvað um baráttu hinsegin fólks og hinsegin samfélagið – sem einnig geti orðið til þess að beyta neikvæðum viðhorfum.

Aðstandendur Kuchu Times telja að þegar allt komi til alls muni verkefnið verða til þess að margir Úgandabúar hafi aðgang að upplýsingum og komist í nán kynni við sögur hinsegin fólks og baráttu þeirra. Margir muni í kjölfarið breyta afstöðu sinni og viðhorfum til hinsegin fólks og þar með verði skapað vinallegt og friðsamlegt andrúmsloft fyrir hinsegin samfélagið að lifa í.

Áskoranir hafa verið nokkrar en þær hafa m.a. falist í því að ekki hefur reynst unnt að útvega allan nauðsynlegan tækjabúnað. Þá hafa nokkrir sjálfbóðaliðar lent í árásum þar sem þeir hafa sinnt störfum á vettvangi. Þá verða skortur á öruggu skrifstofuhúsnæði og nauðsynlegum stuðningi við verkefnisteymið áfram stærstu áskoranirnar í verkefninu.

4.2 Félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf

4.2.1 Almennt um ráðgjöfina

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hafa má samband við ráðgjafa símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78. Skjólstæðingum stendur til boða að mæta án endurgjalds í þrjú skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólki kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við - sem og ef fólk leitar eftir því.

Í þessu yfirliti eru einungis tölulegar upplýsingar um félags- og sálfræðiráðgjöfina enda lítil reynsla komin á þá lögfræðipjónustu er hófst á haustdögum. Hún fer þó vel af stað og gert er grein fyrir henni í meginráttum hér að aftan.

Aldrei fleiri skjólstæðingar

Á árinu 2015 höfðu húsnæðismál samtakanna áhrif á ráðgjöfina frá janúar og fram að flutningum í nýtt húsnæði þar sem ráðgjafarnir höfðu ekki alltaf aðgang að öðru húsnæði til að taka viðtöl. Um leið og húsnæðið opnaði tók ráðgjöfin heldur betur kipp og viðtölin síðustu 4 mánuði ársins voru fleiri en allt árið 2014, viðtölin fóru úr 81 í 145 á milli ára og viðmælendum fjölgaði úr 75 í 120 og hafa aldrei verið fleiri frá því ráðgjöf hófst innan Samtakanna '78. Þörfin fyrir ráðgjöfina er því greinilega mjög mikil.

4.2.2 Aukið þjónustuframboð með lögfræðiráðgjöf

Þann 22. október 2015 auglýstu samtökin nýja og öfluga viðbót við ráðgjafastarfsemi félagsins. Um var að ræða lögfræðiráðgjöf sem Erna Á. Mathiesen lögfræðingur hdl. hefur tekið að sér að veita félagsfólki samtakanna en hægt verður að fá viðtalstíma hjá henni vegna lögfræðilegra álitaefna án endurgjalds. Hægt er að koma með hvert það málefni sem félagsmaður óskar eftir aðstoð með en aðstoð Ernu felst í að leiðbeina um þau lagalegu úrræði sem standa einstaklingi til boða að íslenskum rétti og innan stjórnarsýslunnar. Þar með felst ráðgjöf hennar ekki í lögmannsstörfum fyrir einstaka félagsmenn heldur í ráðgjöf um fyrstu skref og aðstoð við að meta hvaða rétt fólk á. Ef málin eru metin svo að þörf sá að viðameiri vinnu eða málarekstri býður Björg Valgeirsdóttir hdl. hjá DIKA lögmonnum félagsfólki sérkjör. Björg hefur síðan á vordögum 2015 komið fram sem lögmaður samtakanna og borið hitann og þungann af málarekstri vegna hatursorðræðu. Dæmi um úrlausnarefni lögræðiráðgjafar eru:

- Réttur í samskiptum við stofnanir, t.d. Þjóðskrá, Sýslumenn eða Tryggingastofnun.
- Réttur í skilnaðarmálum
- Réttur í forsjármálum
- Mat lagt á hvort um stærra mál er að ræða sem þarfnast dómsmáls

4.2.3 Markmið með þjónustunni

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsmönnum jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins leita fagaðilar og stofnanir til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.

4.2.4 Ráðgjafateymi

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum. Þeir eru því vel í stakk búnir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar og/eða kynvitundar einstaklinga. Í teyminu eru:

- Anna María Valdimarsdóttir, sálfræðingur (frá vori 2012)
- Elísabet Þorgeirsdóttir, félagsráðgjafi (frá vori 2011)
- Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)
- Matthías Matthíasson, sálfræðingur (frá vori 2013)
- Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)

Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur hefur sinnt ráðgjöf síðustu 7 árin. Anna María Valdimarsdóttir sálfræðingur var í leyfi frá ráðgjöfinni árið 2015 en er komin aftur til starfa. Elísabet Þorgeirsdóttir félagsráðgjafi hefur einnig sinnt ráðgjöf síðustu 4 árin með hléi. Matthías Matthíasson sálfræðingur hefur sinnt ráðgjöf í 3 ár og eins Guðbjörg Ottósdóttir félagsráðgjafi sem kom aftur eftir nokkurra ára hlé. Þessir fimm ráðgjafar munu halda áfram að sinna ráðgjöf árið 2016.

4.2.5 Almennt um notendur þjónustunnar

Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni.

Fólki getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum. Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar og/eða kynvitundar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð og/eða kynvitund og gera þessar breytur að aðalumræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð og/eða kynvitund þeirra tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

4.2.6 Skjólstæðingar árið 2015

Flestir sem leita ráðgjafar eru á aldrinum 15 – 40 ára og voru karlar töluvert fleiri en konur árið 2015. Yngra fólk leitar meira og meira í ráðgjöfina og þeim sem voru 21 árs og yngri fjölgaði verulega á milli ára. Um þriðjungur þeirra sem leituðu ráðgjafar voru trans. Foreldrar halda áframa að sækja töluvert í ráðgjöf ýmist einir eða með börnum sínum. Flestir foreldara sem leituðu til ráðgjafa á árinu komu vegna kynvitundar barnsins síns. Það hefur einnig aukist að hinsegin fólk og fjölskyldur þeirra leiti ráðgjafar vegna tilfinningalegra erfiðleika og/eða fjölskylduerfiðleika sem ekki endilega tengjast kynhneigð þeirra beint. Einnig leituðu aðstandendur til ráðgjafa, svo sem mæður, feður, afar, ömmur og systkini. Eins hefur borið töluvert á því að annað fagfólk leitar ráða símléiðis hjá ráðgjöfum Samtakanna vegna málefna sem koma upp í þeirra vinnu og þá helst mál sem tengjast kynvitund skjólstæðinga þeirra.

Spurningarnar sem koma upp í ráðgjöf eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf hinsegin fólks er. Hjá þeim sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort breytt lífsmynd muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv. Einnig veltir fólk fyrir sér réttindum sínum en þó sérstaklega transfólk og þá koma einnig oft upp spurningar um samskipti við lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk.

Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt er að hitta annað hinsegin fólk til að kynnst betur þessum „nýja“ heimi. Ráðgjafar ráku sig oft á það að félagslíf hinsegin fólks er ekki mjög aðgengilegt og lítið af viðburðum sem hægt er að beina fólki á, sérstaklega fólki sem komið er yfir 35 ára aldur og þörfin fyrir meira félagslíf innan Samtakanna virðist vera til staðar. Þetta var sérstaklega áþreifanlegt í húsnæðisleysi Samtakanna '78. Hins vegar hefur þetta lagast mikið eftir að nýtt húsnæði opnaði og félagslífið fór að blómstra. Það er þó ennþá staðreynd að fólk sem er komið yfir 35/40 ára á erfiðara með að finna eitthvað við sitt hæfi í félagslífinu.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni hinsegin barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér á hvernig þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynnst frekar málefnum hinsegin fólks og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra. Stuðningshópur fyrir foreldra og aðstandendur transfólks og barna í kynáttunavanda hefur nú starfað í um 3 ár, hópurinn hittist þó lítið í húsnæðisleysinu en hefur hist einu sinni í mánuði frá því nýtt húsnæði opnaði og allt upp í 16 manns mætt á fund. Sigríður Birna ráðgjafi leiðir hópinn. Aðstandendur hafa flestir þá sögu að segja að aðgengi að upplýsingum um transfólk á Íslandi hafi ekki verið auðvelt og sömu sögu sögðu margir sem komu í ráðgjöf. Það er mat ráðgjafa að auka megi aðgengi að upplýsingum um málefni transfólks t.d. á heimasíðu Samtakanna.

Greinilegt er að netið skiptir flesta þá er koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við annað hinsegin fólk.

4.2.7 Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2015

	Viðmælendur		Viðtöl	
	2015	2014	2015	2014
Konur/trans konur	28	16	38	21
Karlar/trans karlar	40	21	65	38
Kynsegin/kyn ekki skilgreint	2	-	5	-
Fjölskyldur/pör	42*	33**	28	17
Símaviðtöl	8	5	9	5
Heildarfjöldi	120	75	145	81
Viðtöl sem féllu niður	5	5	5	5

*um er að ræða fjölda einstakra viðmælenda. 3 samkynhneigð pör, móðir með systkini, fjögur mæðgin, 6 pör foreldra, tveir feðgar, ein þriggja manna fjölskylda, þrjár mæðgur og ein feðgin.

**Um er að ræða fjölda viðmælenda (foreldrar, pör og fjölskyldur)

Aldur viðmælanda (heildarfjöldi viðmælanda)

Aldur	2015	2014
– 21	41	24
21 – 30 ára	28	18
31 – 40 ára	23	12
41 – 50 ára	21	11
50 +	7	5

Helstu ástæður komu (heildarfjöldi viðtala)

Ástæður	2015	2014
Koma út	32	26
Óöryggi v. kynhneigðar	23	6
Fjölskylduerfiðleikar	11	10
Segja börnum frá/áhyggjur af börnum	1	2
Eignast börn	-	-
Sambýlisvandi	3	-
Réttindi	4	4
Mál sem tengjast kynvitund /transmálum	35	20
Tilfinningatengdir erfiðleikar	24	3
Vegna kynhneigðar barna	7	10
Annað: viðtöl við flóttamenn	5	-

4.2.8 Þóknun ráðgjafa - þörf á frekari hækkun

Undanfarin ár hefur ráðgjafabjónustan verið rekin nánast sem sjálfboðastarf þeirra sem að henni koma. Ráðgjafarnir fá lágt tímakaup sem hafði ekki hækkað í mörg ár en í september var loksins mögulegt að hækka tímagjald ráðgjafa og hélst það í hendur við hærri framlög frá Reykjavíkurborg vegna þjónustusamninga. Hækkaði þóknunin úr 4.000. kr./klst í 5.000. kr./klst. sem greitt er í verktakavinnu fyrir hverja veitta ráðgjöf.

Stjórn félagsins vonar að fljótlega verði hægt að gera enn betur við ráðgjafa, enda brýnt að hlúa vel að ráðgjöfinni og núverandi upphæðir töluvert frá því sem gengur og gerist á þessum vettvangi.

4.2.9 Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur

Ráðstefnum, námskeiðum, tengslamyndun við aðra fagaðila (einkum erlendis) hefur ekki verið hægt að sinna og kaup á fræðibókum og öðru fræðsluefni hafa verið í algeru lágmarki. Úr þessu er brýnt að bæta. Eins er skortur á formlegri handleiðslu/stuðningi til að bregðast við og vinna úr atvikum sem mögulega geta komið upp í ráðgjöf.

4.2.10 Þróun núverandi þjónustu og utanumhald

Mikill metnaður og hugur er í ráðgjöfum og stjórn Samtakanna '78 um að efla starfið. Margar góðar hugmyndir hafa komið upp og m.a. stendur vilji til þess að efla hópastarf með fleiri stuðningshópum á borð við þann sem nú er starfræktur fyrir aðstandendur trans fólks (fullorðinna og barna).

Í byrjun árs 2016 mun Sigríður Birna Valsdóttir byrja að leiða stuðningshóp fyrir trans börn á aldrinum 14 – 18 ára sem mun hittast einu sinni í mánuði. Þetta er mögulegt vegna styrks sem ISAVIA veitti félaginu í febrúar 2016 og ætlaður er starfi með ungu fólki.

Eins er mikill vilji fyrir því að ráðgjafar sæki námskeið/ráðstefnur erlendis og standi fyrir málþingum um hinsegin ráðgjöf hér á landi með erlendum gestum. Það gefur augaleið að slíkt myndi bæta bæði starf ráðgjafa Samtakanna '78 sem og annarra sem starfa innan velferðar- og heilbrigðisgeirans.

Ráðgjafar hafa reynt að hittast reglulega síðan nýtt húsnæði opnaði og verið í góðu sambandi á facebooksíðu ráðgjafa. Framtíðarsýn ráðgjafa er að á árinu 2016 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri og stefna ráðgjafar á að starfa meira saman með það að markmiði að gera ráðgjafabjónustuna enn betri og fjölbreyttari í nýju húsnæði Samtakanna. Eins að ráðgjafar leiti sér frekari fræðslu t.d í formi námskeiða, fyrirlestra eða ráðstefna jafnt hér heima og erlendis sem sérstaklega beinast að þessum málaflokk. Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafabjónustu eigi enn eftir að aukast og því sé mikilvægt að koma til móts við ráðgjafana með það í huga.

Eins og fram hefur komið býr ráðgjafahópur Samtakanna '78 yfir mikilvægri sérþekkingu og þjónustar hóp sem í mörgum tilfellum finnur ekki sambærilega þjónustu annars staðar. Ef ekki er nægilega vel stutt við starfsemi ráðgjafanna og um leið þá sem til þeirra leita er hætt á að vandi þeirra aukist og viðfangsefnið verði flóknari og erfiðari úrlausnar.

4.2.11 Útvíkkun ráðgjafar - netspjall ráðgjafa

Mikill áhugi hefur verið hjá ráðgjöfunum og Samtökunum '78 á að þróa netspjall sem nær að þjónusta þá sem af ýmsum sökum hafa hvorki vilja, þor né getu til að mæta í viðtal. Með þessum hætti gæti þjónusta ráðgjafanna náð m.a. til fólks sem á erfitt með að hugsa sér að stíga inn fyrir Samtökin '78 t.d. vegna hræðslu og fordóma, hefur ekki tók á því að ferðast, eða á líkamlega erfitt með að mæta í ráðgjöf. Hér yrði því þróaður þægilegur kostur fyrir einstaklinga sem vilja nýta sér ráðgjöf Samtakanna '78 án formlegra viðtala. Lítið sem ekkert hefur verið rætt um þennan möguleika á árinu 2015 og hefur takmörkuðum fjármunum félagsins verið forgangsraðað með öðrum hætti.

4.3 Fræðsla og rannsóknir

4.3.1 Almennt um fræðslustarfið

Fræðslustarf Samtakanna '78 hefur frá stofnun verið einn af hornsteinunum í starfsemi félagsins. Í upphafi snerist fræðslan um að einstaklingar deildu með áheyrendum persónulegri reynslu sinni en undanfarinn áratug hefur hún þróast í fræðsluform þar sem fjallað er um hugtök, skilgreiningar og stöðu hinsegin fólks í samfélaginu. Mikilvægi þessarar fræðslu er gríðarlegt þar sem hún tekur á hlutum sem almennt er ekki sinnt. Lítið er t.d. fjallað um hinsegin málefni innan skólakerfisins þrátt fyrir áherslur í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og aðalnámskrá sem gerir ráð fyrir að umfjöllun um hinsegin málefni sé hluti af kennslu og námsefni í skólum landsins.

4.3.2 Markmið með þjónustunni

Megintilgangurinn með fræðslustarfi Samtakanna '78 er að bæta lífsskilyrði og lífsgæði hinsegin fólks og þar með samfélagsins alls. Meginmarkmið fræðslunnar er að auka sýnileika hinsegin fólks og efla almenna vitneskju um líf þess, stöðu og hagi. Þannig er unnið að því að eyða fordómum, mismunun og hatri sem oft spretta fram af þekkingarleysi. Í fræðslustarfinu er fjallað ólíka hópa undir hinsegin regnhlífinni og þá fordóma sem þeir verða fyrir. Á vinnustöðum og í skólustarfi virkar fræðslan sem mikilvægur stuðningur við hinsegin starfsfólk og nemendur og hvetur fólk til að þora að vera það sjálft. Hinsegin nemendur upplifa að þetta séu málefni sem hægt sé að ræða og skipti máli. Markmiðum fræðslunnar má lýsa með eftirfarandi hætti:

- Vekja athygli á málefnum hinsegin fólks og auka sýnileika þess.
- Uppræta fordóma og koma í veg fyrir mismunun byggða á vanþekkingu og/eða hræðslu.
- Opna umræðu um fjölbreytni kyns, kynhneigðar, kyneinkenna, kynvitundar og kyntjáningar og vekja athygli á mikilvægi þessara þátta í lífi okkar allra.
- Veita nemendum, starfsfólki og fagstéttum þá þekkingu og fræðslu sem þarf til geta fjallað um málefni hinsegin fólks með málefnalegum og faglegum hætti.
- Veita nemendum, starfsfólki og fagstéttum praktískar upplýsingar um hvert hægt sé að leita eftir stuðningi, aðstoð og/eða frekari fræðslu.

4.3.3 Markhópar fræðslunnar og fræðslusamningar

Til að koma í veg fyrir fordóma og skilningsleysi í garð hinsegin fólks er mikilvægt að fræðsla um málefni þess fari fram sem víðast. Eins er áriðandi að hinsegin fólk sjálft, hvort sem um er að ræða nemendur eða starfsfólk, upplifi að málefni þess séu rædd með opinskáum og fordómalausum hætti. Slík umræða er líkleg til að búa því vinsamlegt umhverfi og koma í veg fyrir útskúfun og vanlíðan í skóla og/eða vinnu.

Samtökin '78 fræða fjölbreytta og ólíka hópa fólks og sníða áherslur að þeim hópi sem bókar fræðsluna í hvert sinn. Hér má nefna nemendur í grunn-, framhalds- og háskólum, starfsfólk leik-, grunn-, framhalds- og háskóla, starfsfólk annarra opinberra stofnanna, s.s. heilbrigðisstofnanna, starfsfólk í félagsmiðstöðvum og starfsfólk hjá einkafyrirtækjum og félagasamtökum. Auk þess bjóða samtökin fræðslu öllum þeim sem þess óska.

Óskir frá starfsfólki skóla um fræðslufundi hafa aukist undanfarin ár og hafa samtökin reynt að bregðast við þeim óskum eftir bestu getu. Meðal starfstétta sem fræðslan hefur einkum beinst að eru kennarar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sálfræðingar og skólahjúkrunarfræðingar. Lífandi umræða og fræðsla er ein af

forsendum betra skólstarfs og bættri líðan nemenda. Þá hefur félagið leitast við að gera þjónustusamninga við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni með það að markmiði að koma á samtali og opna dyrnar fyrir aukinni fræðslu á vettvangi þeirra og kynna þjónustu félagsins.

Samtökin endurnýjuðu fræðslusamning sinn við Reykjavíkurborg á árinu. Hann er með svipuðu sniði og verið hefur, þ.e.a.s Samtökin '78 skuldbinda sig til að veita öllum stofnunum borgarinnar sem þess óska endurgjaldslausu fræðslu. Fyrir þessa þjónustu greiðir borgin kr. 3.000.000,- árlega 2015, 2016 og 2017. Sú nýjung er í samningnum gert er ráð fyrir að allir grunnskólar borgarinnar skuli fá að minnsta kosti eina fræðslustund fyrir nemendur og aðra fyrir starfsfólk á því þriggja ára tímabili sem samningurinn tekur til. Áður var það undir skólum komið hvort þeir þáðu fræðsluna eða ekki. Að beiðni Samtakanna '78 vakti Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála á Skóla- og frístundasviði borgarinnar athygli grunnskólustjóra á þessu í tölvupósti í janúar 2016.

Í desember 2015 var undirritaður fræðslusamningur við Hafnarfjarðarbæ að frumkvæði bæjarnis. Sá samningur gerir ráð fyrir rúmlega hálf dags vinnustofu fyrir allt starfsfólk grunnskóla bæjarins haustið 2016 og fræðslu fyrir alla 8. bekk bæjarins veturinn 2015-2016. Að þeim vetri loknum verður samningurinn endurskoðaður m.t.t. áframhaldandi fræðslu. Fræðsluhluti samnings hljóðar uppá kr. 1.120.000 kr,-.

4.3.4 Inntak fræðslustarfsins - efnistöð, nálganir og leiðir

Fræðslustarf samtakanna spannar mjög vítt svið og tekur á öllu tengdu hinsegin fólki, m.a. kynhneigð, kynvitund og kyn. Fjallað er um hvað kynhneigð sé og mismunandi kynhneigðir ávarpaðar, t.a.m. samkynhneigð, tvíkynhneigð, pankynhneigð og það að vera „asexúal“. Einnig er fjallað ítarlega um kynvitund. Hugtakið er útskýrt og fjallað um hvað felst í því að vera trans. Þá er einnig fjallað um hvað er að vera intersex og hver helstu baráttumál þess hóps eru í dag.

Farið er ítarlega yfir orðanotkun og hvað telst viðeigandi, sbr. kynleiðrétting, trans fólk, trans kona, trans karl, notkun fornafna o.fl. Einnig er talað um kynsegin trans fólk (sem skilgreinir sig utan tvíhyggju-kynjakerfisins). Fjallað er almennt um kyn og hvernig samfélagið gerir einungis ráð fyrir tveimur kynjum, karli og konu, sem við sjáum í gegnum félagsmótun, hegðun og væntingar. Þetta er mikilvægt þar sem hinsegin fólk er oft á skjön við þetta sterka og rótgróna kerfi - sérstaklega trans og intersex fólk. Í framhaldi af þessu er farið yfir hvað sé að vera intersex og helstu baráttumál hópsins rakin - t.d. sjálfsákvörðunarrétturinn varðandi eigin líkama og baráttan fyrir því að koma í veg fyrir ónauðsynlegar aðgerðir á intersex einstaklingum sem ungabörnum.

Í fræðslunni er einnig fjallað um staðalímyndir og fordóma. Farið er stuttlega yfir hvað staðalímyndir séu og hvernig staðalímyndir um hinsegin fólk birtist í samfélaginu. Þá er rætt um fordóma og fólk spurt um hverskonar fordómar fyrirfinnst á Íslandi. Fjallað er um að fordómar séu á mjög stóru rófi - allt frá að vera það sem kallað er „jákvæðir fordómar“ og yfir í það að vera ofbeldisverk og morð. Tekin eru dæmi um fordóma sem hinsegin fólk upplifir og birtingarmyndir þeirra, t.d. í lagasetningu og orðanotkun.

Í ár var ákveðið að fara ekki yfir áfanga í sögu réttindabaráttu hinsegin fólks til að mynda lög um staðfesta samvist, ættleiðingar og slíkt. Ætla má að þessi efnisþáttur sé sá sem kennara almennt treysta sér hvað best að fara í sjálfir með nemendum sínum. Var þetta gert til að skapa rými til að fjalla um hvað ungmenni ættu að gera til að búa til sem jákvæðast andrúmsloft í sínum bekk/skóla svo hinsegin nemendur geti óhrædd verið

þau sjálf. Einnig er fjallað um hvað hinsegin nemendur geta gert til að stíga fyrstu skrefin út úr skápnum. Í öðrum hópum t.d. þegar fræðla er til fagstétta, svo sem kennara, skólahjúkrunarfræðinga eða félagráðgjafa er þessi hluti fræðslunnar aðlagður að þeirra starfi og fjallað um hvernig þau geta lagt sitt lóð á vogaskálarnir til að öllum líði sem best.

Að endingu er gefið rými fyrir spurningar og umræður. Í skólahópum fá nemendur miða sem þeir geta skrifað spurningar á sem svo er svarað. Þetta hefur reynt mjög vel. Einnig segja fræðarar oft sína eigin sögu til dæmis hvernig þau sjálf komu út úr skápnum.

4.3.5 Fræðslan í ljósi aðalnámskrár og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

Fræðslustarfsemi Samtakanna '78 fellur mjög vel að ákvæðum aðalnámskrár. Í almennum hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla kemur fram að jafnrétti sé regnhlífarhugtak sem nái meðal annars til kyns og kynhneigðar. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig m.a. kyn og kynhneigð geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks (sjá kafla 2.1.4). Fræðsla samtakanna styður með beinum hætti við þennan grunnþátt aðalnámskrár. Þá kemur einnig fram að til að ná fram markmiðum grunnþáttarins jafnréttis sé eðlilegt að í skólastarfinu sé nýtt þekking fræðigreina á borð við kynjafræði og hinsegin fræði en samtökin hafa á undanförunum árum þróað fræðslu sína í tak við nýjustu rannsóknir þessara fræðigreina og markvisst nýtt sér þær.

Lýðræði og mannréttindi eru annar grunnþáttur menntunar. Barátta hinsegin fólks fyrir réttindum, virðingu og sýnileika er mannréttindabarátta. Barátta sem er nauðsynleg raunverulegu lýðræði. Í fræðslu samtakanna er þessari baráttu gerð skil, upphafi hennar og helstu skrefum.

Í ritinu *Heilbrigði og velferð* sem er hluti af *Ritröð um grunnþætti menntunar*¹ er bent á að samkynhneigðum ungmennum líður mun verr í skóla en öðrum og eru margfalt líklegri til að hafa reynt sjálfsvíg en jafnaldrar þeirra (bls. 47). Í nýlegri rannsókn Jóns Ingvars Kjaran og Ingólfs Á. Jóhannessonar kemur einnig fram að hinsegin ungmenni í framhaldsskólum upplifa fordóma í daglegum samskiptum við samnemendur og kennara. Fordómarnir birtast m.a. í kerfisbundinni þöggun um hinsegin málefni innan skólanna.² Í áður nefndu riti um grunnþáttinn heilbrigði og velferð segir jafnframt: „Sú staðreynd að samfélagið tekur gagnkynhneigð sem gefnum hlut og að skortur er á samkynhneigðum fyrirmyndum á vafalítið þátt í vanlíðan þeirra sem eru að uppgötva samkynhneigð sína. Umræða um transgender fólk, hefur verið takmörkuð þar til á allra síðustu misserum og þekking á málefnum þess er af skornum skammti í samfélaginu. Kennarar þurfa að skoða hug sinn til samkynhneigðar og stöðu transgender fólks. [...] Starfsfólk skóla þarf að búa yfir nauðsynlegri þekkingu til að hægt sé að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir, hlusta og leiðbeina fordómalaust.“ (bls. 47).

Fræðslan fellur einnig vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Í stefnunni segir m.a. að allt uppeldis- og tólmundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því þátttakendur geti verið samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, transgender eða gagnkynhneigðir. Ólíkar kynhneigðir fólks séu ræddar kinnroðalaust (grein 6.3.1). Þá segir einnig í stefnunni að markvisst eigi að brjóta upp hamlandi staðalmyndir kynjanna í

¹ http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/heilbrigdi_og_velferd/heilbrigdi.html#/1/

² <http://netla.hi.is/menntakvika2010/017.pdf>.

uppeldis- og tómstundastarfi (grein 2.3.2). Sú fræðsla sem Samtökin '78 stendur fyrir í skólum borgarinnar leggur áherslu á þessi atriði.

4.3.6 Fræðsluteymi


Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir sinnti starfi fræðslustýru Samtakanna '78 til 1. júní 2015 er hún lét af störfum vegna skipulagsbreytinga er áður hafa verið reifaðar. 1. september 2015 tók Auður Magnús Auðardóttir framkvæmdastýra yfir þau verkefni sem áður höfðu verið á ábyrgð Uglu. Auður hefur skipulagt og haft yfirsýn yfir þá fræðslu sem fer fram á vegum Samtakanna '78 í gegnum tölvupóst og símasamskipti við viðkomandi aðila (t.d. skóla eða vinnustaði). Auður ber ábyrgð á fræðslunni og þróun hennar í samvinnu við stjórn Samtakanna '78.

Jafningjafræðarar Samtakanna '78 sjá að mestu um að fara á fræðslufundi sem haldnir eru með nemendum í grunn- og framhaldsskólum og fara þá alltaf tveir saman. Jafningjafræðararnir eru á aldrinum 16-30 ára, flest eru á menntaskólaaldri. Sum þeirra hafa verið virk í nokkur ár og mörg hafa komið yfir í fræðsluna úr Unglíðahreyfingunni. Haustið 2015 var auglýst eftir fleiri jafningjafræðurum í hópinn og bættust þá nokkrir við hópinn, meðal annars fólk sem ekki hefur tekið þátt í starfi samtakanna áður. Það er gleðiefni að hópurnir stækki. Við árslok 2015 voru 15 jafningjafræðarar virkir í fræðslunni.

Fræðsluteymið hittist á hálf dags fundi í lok september 2015 þar sem farið var yfir starfið sem framundan væri, nýtt fólk boðið velkomið og reyndari fræðarar settu nýtt fólk inn í starfið. Stefnan er að líkur fundur sé haldinn í það minnsta tvisvar sinnum á ári þar sem fræðarar líta yfir starfið, huga að þróun, fá þjálfun og kynnast innbyrðis.

4.3.7 Fræðslufundir 2015

Á árinu 2015 fóru fræðarar á vegum Samtakanna '78 á 47 staði og héldu samtals 102 fyrirlestra um hinsegin málefni. Af stöðunum 47 sem farið var til voru 20 til grunnskóla (nemenda og eða starfsfólk), níu í félagsmiðstöð (þar af ein fyrir starfsfólk), níu í framhaldsskóla (allar fyrir nemendur) og níu fyrir aðra staði t.d. Hitt húsið, skólahjúkrunarfræðinga, Vinnuskóla Reykjavíkur og félag læknanema. Á mynd 2 má sjá að mikill meiri hluti fræðsluheimsóknanna voru vegna fræðslu til ungs fólks. Þannig voru til dæmis 9 fræðsluheimóknir farnar vegna fræðslu til framhaldsskólanema en enginn til starfsfólks framhaldsskóla. Það er von okkar að eftirspurn eftir fræðslu til starfsfólks og annars fagfólks í skólastarfi og á öðrum vettvangi aukist því með þeim hætti verða stofnanir sjálfbærari í sinni hinsegin fræðslu og betur í stakk búnar til að gera starfsumhverfi sitt sem hinsegin vænast.



Mynd 2. Fræðsluheimsóknir árið 2015 greindar eftir aldri og stað.

4.3.8 Greiðslur til fræðslustarfsfólks

Sú nýjung var tekin upp á haustmánuðum 2015 að jafningjafræðarar fá greidda þóknun, 2.000 kr. fyrir hverja fræðslu og strætómiða að auki óski þeir þess. Þetta kemur í veg fyrir að það unga fólk sem fræðslunni sinnir sé að borga með sér í formi ferða til og frá staðnum og þau fá að auki örlitla þóknun fyrir störf sín. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá hópnum.

4.3.9 Þróun fræðslustarfs og utanumhald

Undirbúningur á efni og skipulagning fræðslu tekur langan tíma og er að mörgu að huga. Inntak fræðslunnar hefur dýpkað með árunum. Hún hefur þróast úr því að vera einkum jafningjafræðsla með áherslu á persónuleg málefni - yfir í alhliða fræðslu um samfélagsleg kerfi, kyn, kyngervi, viðmið og gildi. Þetta hefur gerst samhliða aukinni þekkingu á hinseginfræðum og kynjafræðum í íslensku samfélagi. Fræðslan byggir því bæði á faglegum og persónulegum grunni, eins og mikilvægt er í öllu grasrótastarfi. Þessi nálgun krefst þess að eiginleg fræðsla fái aukið formlegt vægi og að starfsfólk fræðslunnar sé vel upplýst og þjálfað.

Samtökin '78 vilja þróa fræðsluna áfram með þessum hætti og leggja áherslu á að hún verði öflugt tæki til að gagnrýna ríkjandi samfélagsleg norm og gildi (e. norm critical). Jafnframt verði öðrum þáttum sem kunna að samtinnast kynhneigð, kynvitund og/eða kyni á borð við fötlun, kynþátt og efnahagsstöðu gerð betri skil (e. intersectionality). Þetta fellur vel að áherslum aðalnámsskrár og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Samtökin '78 vilja einnig sjá þróaðar praktískar leiðir eða lausnir fyrir fagstéttir til að tryggja að hugað sé að hinsegin fólki í starfi og að réttur þess sé varinn. Í þessu felst að tekið sé m.a. á fordómafullri orðræðu og/eða mismunun á vinnustað/í skólastarfi.

Sú framtíðarsýn sem lýst er hér að ofan krefst meiri vinnu, tíma og formfestu en er að finna innan núverandi fjárhagsramma þar sem framkvæmdastýra sinnir fræðslustörfum meðfram annarri vinnu.

4.3.10 Útgáfa fræðsluefnis - fræðslubæklingur og –myndbönd

Haustið 2015 kom út bæklingurinn „Hvað er hinsegin“ sem einnig er á ensku. Hann var gefinn út í 4.000 eintökum og kostnaður greiddur af þjónustusamningi samtakanna við borgina. Bæklingnum hefur verið dreift á fræðslufyrirlestrum. Þá lauk einnig gerð myndbandanna „Ég er ég“ en þeim verður dreift árið 2016. Sjá nánar í kafla 3.10.3.

4.4 Hatursorðræða og –glæpir

4.4.1 Almennt um hatursorðræðu og –glæpi

Samtökin '78 hafa hingað til lítið beitt þeim aðferðum að sækja réttindi félaga sinna fyrir dómstólum. Slíkur málatilbúnaður er yfirleitt dýr og þarfnast mikillar vinnu, undirbúnings og eftirfylgni. Samtökin hafa þó áður nýtt sér lagaleg úrræði og má í því sambandi nefna kærur á hendur Gunnari Þorsteinssyni þáv. forstöðumanns trúfélagsins Krossins vegna hatursfullra ummæla í mars 2006.

Samtökin eru þó fullmeðvituð um að stefnumiðaðar lögsóknir til að vinna að réttindum hinsegin fólks hafa lengi tíðkast í baráttu hinsegin félaga á vesturlöndum og þykja sjálfsögð úrræði í baráttunni – bæði austan hafs og vestan.

Á vefsíðu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE) stendur í lauslegri þýðingu:

Hatursglæpir eru glæpsamlegar gjörðir sem runnar eru af rótum fordóma eða hleypidóma gegn ákveðnum hópum fólks. Til að teljast hatursglæpur þarf brotið að uppfylla tvö skilyrði. Í fyrsta lagi þarf það að vera refsinnæmt samkvæmt hegningarlöggjöf. Í öðru lagi þarf það að vera runnið af rótum fordóma eða hleypidóma.³

Skv. ágætu yfirliti Mannréttindaskrifstofu Íslands um hatursorðræðu frá 2013 er fyrirbærið flókið hugtak, án nokkurrar alþjóðlegrar viðurkenndrar skilgreiningar. Þar stendur:

Eigi að síður hefur þróunin orðið sú, með lögum, í dómaframkvæmd og í fræðiskrifum, að sá skaði og sú hættu, sem stafar af ákveðinni tjáningu, eru alþjóðlega viðurkennd. Þannig hafa bæði á alþjóðlegum sem og svæðisbundnum vettvangi verið gerðar allmargar tilraunir til þess að taka á vandamálinu sem og að skilgreina hugtakið sjálft. Þrátt fyrir að flest ríki hafi sett lög sem banna tjáningu sem jafnast á við hatursorðræðu þá er oft mikill munur á því sem skilgreint er sem brot á lögum.⁴

Í yfirlitinu er rætt um að nokkurs konar skilgreiningu á hatursorðræðu megi einungis finna í tilmælum ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. 97(20) frá 1997 en þessi tilmæli hafa einmitt haft áhrif á íslenska löggjöf. Í 233. gr.a. almennra hegningarlaga stendur nú:

[Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.]1)2)

4.4.2 Kærur á hendur 10 einstaklingum vegna hatursorðræðu vorið 2015

Samtökin '78 lögðu þann 27. apríl 2015 fram kærur á hendur 10 einstaklingum vegna hatursfullrar orðræðu sem þeir viðhöfðu í opinberri umræðu í framhaldi af því að bæjarstjórn Hafnarfjarðarbærjar ályktaði um að taka upp fræðslu í málefnum hinsegin fólks í sveitarfélaginu og leita til samtakann í þeim efnum. Kærurnar voru lagðar fram á

³ Sjá: <http://hatecrime.osce.org/what-hate-crime>

⁴ Sjá: <http://www.humanrights.is/static/files/Utgafa/hatursordraeda-yfirlit-yfir-gildandi-log-og-reglur-abendingar-til-framtidar.pdf>

Lögreglustöðinni við Hlemm í Reykjavík að morgni mánudagsins 27. apríl 2015 af Hilmarí Hildar Magnúsarsyni formanni, Björgu Valgeirsdóttur hdl. og Árna Grétari Jóhannssyni framkvæmdastjóra.

Tildrög málsins voru þau að stjórn félagsins hafði fregnað af fólki úti í samfélaginu, þ.m.t. Björgu Valgeirsdóttur hdl., sem hafði ofboðið sú umræða og árásir á hinsegin fólk sem fengið höfðu að viðgangast vegna málsins. Þetta leiddi til þess að aðilar settu sig í samband, sem aftur leiddi til þess að stjórnin ákvað að ganga til samstarfs við Björgu um að reka málið. Hefur Björg síðan borið hitann og þungann af málatilbúnaðinum, rekið málið f.h. samtakanna og jafnan verið titluð út á við sem lögmaður þeirra. Björg hefur, ásamt formanni, mikið tjáð sig mikið um málið á opinberum vettvangi, bæði í ræðu og riti, en einnig fjallað um önnur mál er varða mannréttindi hinsegin fólks og mannréttindi almennt.

Stjórn Samtakanna '78 er fullmeðvituð um mikilvægi þessa málareksturs fyrir réttindabaráttu hinsegin fólks til lengri og skemmri tíma, í sögulegu jafnt sem pólitísku og félagslegu tilliti. Stjórnin lýsir ánægju sinni með samstarfið við Björgu og færir henni hugheilar þakkir fyrir frumkvæðið, kraftinn og eljusemina. Án hennar hefði varla verið lagt upp í þessa vegferð og verður framlag hennar því seint fullþakkað.

Þann 8. september 2015 var kærur félagsins vísað frá af Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, án efnislegrar meðferðar. Samtökin mótmæltu málsmeðferðinni og kærðu hana til ríkissaksóknara þann 7. október 2015. Þann 10. nóvember féll úrskurður ríkissaksóknara um að lögregla skyldi rannsaka málið. Stendur sú rannsókn yfir og fór formaður félagsins m.a. í skýrslutöku þann 3. mars vegna hennar. Hér að aftan er orðrétt yfirlýsing samtakanna sem formaður flutti í fjölmiðlum mánudaginn 27. apríl 2015:

Yfirlýsing Samtakana '78 í tilefni orðræðu í garð hinsegin fólks sem ekki samræmist íslenskum lögum.

Samtökin '78 harma þá neikvæðu umræðu sem fylgt hefur í kjölfar samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um hinsegin fræðslu í grunnskólum bæjarins. Samtökin '78 taka þó fram að tillagan er ekki sprottin frá Samtökunum '78 og var ekki gerð í samráði við samtökin sem þó fagna allri framþróun í upplýsingasamfélaginu.

Við í forystu Samtakanna '78 höfum þróað með okkur ansi þykkar skráp í gegnum tíðina og getum staðið af okkur ýmislegt. Það er hins vegar fjöldi fólks í okkar röðum, hinsegin fólk um allt land, börn þess, fjölskyldur og vinir, sem tekur þessari umræðu þungt. Ófögur og andstyggileg orð sem beint hefur verið gegn hinsegin fólki veldur því hugarangri og vanlíðan og í mörgum tilfellum sári sem illa grær - eða alls ekki. Við skulum nefnilega ekki gleyma því að hatursáróður gegn hinsegin fólki er engin nýlunda sem er að spretta upp síðustu daga. Þetta hefur verið, og er viðvarandi vandamál, og það er hreinlega lífsspursmál að fólk þurfi ekki að sitja undir því. Það á engin manneskja að þurfa eða sætta sig við.

Að því sögðu hefur stjórn Samtakanna '78 að vandlega ígrunduðu máli i samráði við lögmann samtakanna komist að þeirri niðurstöðu að kæra tiltekna einstaklinga sem hafa beitt háværum röddum og hatursfullri orðræðu í garð hinsegin fólks á opinberum vettvangi. Orðræðu sem er til þess fallin að breiða út fordóma gegn hinsegin fólki í íslensku samfélagi og gera því lífið leitt.

Samtökin '78 - félag hinsegin fólks á Íslandi hafa það meðal annars að markmiði að tryggja að hinsegin fólk njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Samtökin leitast við að ná því markmiði með því að vinna að baráttumálum hinsegin fólks eftir þeim leiðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni.

Íslenskt samfélag er meðal fremstu samfélaga heims í réttindamálum hinsegin fólks. Það veur athygli víða og mörg ríki taka okkur sér til fyrirmyndar. Undanfarin 30 ár hafa átt sér stað vatnaskil í baráttunni sem Samtökin '78 eru stolt af að hafa tekið þátt í. Þeir einstaklingar sem við höfum ákveðið að kæra hafa kynt undir orðræðu sem við teljum vega gróflega að rétti hinsegin fólks til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og fyllsta jafnréttis. Réttinda sem vernduð eru af stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland er aðili að, þar með talið mannréttindasáttmála Evrópu. Þar að auki höfum við komist að þeirri niðurstöðu að orðræðan sem kærur þessar ná til flokkist sem hatursorðræða í garð hinsegin fólks sem ekki er heimiluð skv. íslenskum lögum; einkum almennum hegningarlögum en einnig fjölmiðlalögum í ákveðnum tilvikum.

Samtökin '78 vísa kærinni til stuðnings til þess að afdráttarlaust bann er lagt við ákveðinni tjáningu sem lýst er sem refsiverðri skv. 233. gr.a. almennra hegningarlaga sem hljóðar svo:

„Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

Samtökin '78 gera sér að sjálfsgöðu grein fyrir því að kærðu eiga rétt til skoðana sinna og láta þær í ljós sbr. 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Við teljum á hinn bóginn augljóst að tjáningarfrelsi megi ekki hagnýta til að níðast á öðrum réttindum manna og að löggjöf gegn misrétti vegna kynhneigðar og kynvitundar sé nauðsynleg í lýðræðisríki til að vernda minnihlutahópa. 233. gr. almennra hegningarlaga er því lögbundið frávik frá tjáningarfrelsinu. Ummælin sem Samtökin '78 kæra fela í sér háð, róg og smánun í garð hinsegin fólks vegna kynhneigðar þess og/eða kynvitundar og þau eru sett fram á opinberum vettvangi, í formi sem engum rökum eru studd. Jafnræði fólks án tillits til kynhneigðar eða kynvitundar er lögfest grundvallarregla sem byggist á virðingunni fyrir mennskunni. Þótt tjáningarfrelsið sé jafnframt eitt af mikilvægustu réttindum manna og ein af grundvallarstoðum lýðræðisins, er orðnotkun sem lýsir hatri eða fordómum á hinsegin fólk á opinberum vettvangi ekki refsilaus að mati Samtakanna '78.

Að morgni dagsins 27. apríl 2015, kl. 8:30, munu fulltrúar úr stjórn Samtakanna '78, ásamt lögmanni samtakanna, leggja fram kærur á Lögreglustöðinni á Hverfisgötu í Reykjavík á hendur 10 einstaklingum vegna ummæla sem hlutaðeigandi hafa látið falla í umræðu um hinsegin fólk og samtökin telja refsínæm samkvæmt framangreindu.

Við hjá Samtökunum '78 erum alltaf boðin og búin að mæta jákvæð til leiks, taka þátt í umræðunni og fræða. En það verður heldur ekki litið framhjá þeim hrottaskap sem einkennt hefur umræðuna síðustu daga. Það eru takmörk fyrir því skítkastí sem hinsegin fólk lætur þjóða sér að sitja undir, án þess að aðhafast neitt. Gleymum því ekki að opinber rógburður og umræða sem niðurlægir og níðir ákveðna hópa heggur fast að rötum lýðræðisins. Slík orðræða grefur undan þeim samfélagssáttmála sem við höfum

komið okkur saman um: að hér eigum við öll að geta þrífist í samfélagi hvert við annað. Jöfn að rétti og jöfn að virðingu.

4.5 Hælsleitendur og flóttafólk

4.5.1 Samstarf S78 og Reykjavíkurborgar vegna móttöku flóttamanna

Mánudaginn 29. júní 2015 gengu Samtökin '78 til samstarfs við þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í Reykjavík um þjónustu við flóttafólk. Hilmar Hildar Magnússon formaður undirritaði samninginn f.h. samtakanna en Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri f.h. þjónustumiðstöðvarinnar.

Það er Guðbjörg Ottósdóttir ráðgjafi hjá S78 sem hefur umsjón með verkefninu f.h. félagsins. Megin markmið þess samkvæmt þjónustusamningnum er að tryggja 5 einstaklingum úr hópi hinsegin 'kvóta'flóttafólks sem kom til Íslands í boði ríkisstjórnarinnar árið 2014 stuðning við þátttöku í íslensku samfélagi. Auk a.m.k. 5 einstaklingsviðtala og annarrar stuðningsvinnu eiga Samtökin 78 samkvæmt samningnum að bjóða fólkinu upp á stuðningsvini, handleiðslu til stuðningsvina, túlkþjónustu og annast samskipti við Rauða kross Íslands og fleiri. Einnig er gert ráð fyrir því að samtökin afli upplýsinga sem að gagni geta komið verkefninu erlendis frá, m.a. frá Svíþjóð. Samingurinn gildir í eitt á rog rennur út 25. júní 2016. Samtökin fá greitt 500.000 kr.fyrir þetta verkefni.

Verkefnið hófst sumarið 2015, eftir að Auður Magndís Auðardóttir, síðar framkvæmdastjóra S78, hafði ásamt Matthíasi Matthíassyni ráðgjafa í ráðgjöf S78 fundað með mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og félagsráðgjafa hjá borginni. Eftir undirritun samnings höfðu þeir 3 félagsráðgjafar hjá þjónustumiðstöðinni sem fara með mál einstaklinganna fimm samband við viðkomandi með boði um að koma í einstaklingsviðtöl hjá ráðgjöfum S78. Þrír af fimm þáðu boðið upphaflega en einungis tveir komu í viðtöl til tveggja ráðgjafa.

Í viðtölunum var einstaklingunum sagt frá félagsvinaverkefninu (stuðningsvinaverkefni) og boðið að fá félagsvin með túlki sem myndi styðja þá og aðstoða við að tengjast samfélaginu. Annar afþakkaði boð um félagsvin þar sem hann taldi sig ekki þurfa á slíkum stuðningi að halda en hinn tók boðinu. Sá hefur síðan hitt einn ráðgjafa í nokkur skipti og verið með félagsvin síðan í ágúst 2015 sem ráðgjafinn hefur handleitt.

Félagsvinurinn hefur verið óvirkur síðan í nóvember sökum eigin anna og hefur einstaklingurinn óskað eftir því að fá stuðningsfjölskyldu þar sem sú sem hann var með á vegum Rauða krossins er hætt. Einstaklingurinn óskar eftir stuðningsfjölskyldu sem er vel inni málum og hefur verið leitað eftir samstarfi við RKÍ til þess að finna stuðningsfjölskyldu. Maki einstaklingsins fluttist til landsins síðla á haustmánuðum 2015 samkvæmt boði ríkisstjórnarinnar til þess að fá hér vernd. Þaríð óskar eftir stuðningsfjölskyldu sem myndi þá styðja báða aðila.

Samstarf hefur verið frá upphafi milli ráðgjafa S78 og félagsráðgjafa einstaklinganna hjá þjónustumiðstöðinni í formi tölvupósta, allt eftir þörfum. Einn fundur hefur farið fram þar sem Guðbjörg hitti félagsráðgjafana og fór yfir stöðuna á verkefninu. Á fundinum var ákveðið að félagsráðgjafarnir myndu á ný kynna fyrir einstaklingunum sem ekki hafa þegið þjónustu frá S78 þá þjónustu sem í boði er. Samstarf við RKÍ hefur verið lítið sem ekkert.

4.5.2 Teymi um flóttafólk og hælisleitendur

Samtökin '78 hafa ekki farið varhluta af mikilli aukningu hælisleitenda og flóttafólks hérlendis undanfarið ár. Hluti þessa hóps er hinsegin og á árinu 2015 leituðu nokkrir einstaklingar til samtakanna. Ráðgjöf samtakanna hefur staðið þeim til boða að endurgjaldslausu og hafa þónokkrir nýtt sér það.

Á haustmánuðum 2015 varð ljóst að skýra þyrfti stefnu samtakanna hvað þennan málaflokk varðar og var því óskað eftir áhugasömum sjálfbóðaliðum til að mynda teymi utan um málaflokkinn. Teymið fundaði nokkrum sinnum á haustmánuðum og ræddi meðal annars mögulegt samstarf við Rauða krossinn sem og áhuga á að koma á fundi við Útlendingastofnun. Teymið fundað einu sinni með Rauða krossinum og undir árslok lá fyrir jákvætt svar frá Útlendingastofnun vegna beiðni um fund sem fór fram í febrúar á þessu ári.

Hópurinn skoðar nú hvernig best er að beita sér í þessum málaflokki og mæta þörfum hinsegin flóttamanna og hælisleitenda á sem skilvirkastan hátt. Í byrjun desember myndaði hópurinn vísi að stuðningsneti en einnig stendur til að stofna stuðningshóp fyrir hinsegin fólk af erlendum uppruna, þ.á.m. flóttafólk og hælisleitendur. Þá hefur hópurinn stofnað til samstarf við aðra hópa og félög sem vinna í málefnum flóttafólks og hælisleitenda.

Þann 10. desember samdi teymið ályktun sem Samtökin '78 sendu frá sér vegna brottvísana flóttafólks frá landinu. Yfirlýsingin vakti nokkra athygli og hljóðaði svo:

Reykjavík, 10. desember 2015.

Samtökin '78 fordæma harðlega það regluverk sem leyfir viðlíka aðgerðir og áttu sér stað í nótt þegar hópur hælisleitenda var sendur úr landi í skjóli nætur.

Við minnum á að í hópi flóttafólks og hælisleitenda hérlendis er einnig hinsegin fólk sem hefur flúið ofsóknir vegna kynhneigðar eða kynvitundar sinnar. Við vitum ekki enn hvort einhver þeirra voru numin af landi brott í nótt en sem mannréttindasamtök og talsfólk minnihlutahópa teljum við afar brýnt að við verjum skjólstæðinga okkar og stöndum með þeim jaðarsettu minnihlutahópum sem þeir tilheyra. Aðgerðir næturinnar grafa verulega undan því trausti sem við, og annað baráttufólk, berum til íslenskra stjórnvalda í þessum efnun.

Samtökin '78 telja samstöðu minnihlutahópa mikilvæga og vilja leggja sig fram um að standa með þeim hópum sem höllustum fæti standa í samfélaginu, ekki síst þeim sem eiga sér fáa eða enga málsvara. Við styðjum rétt fólks sem býr við ógn og óöryggi í sínu heimalandi að leita sér betra lífs annarsstaðar. Sá réttur er hagsmunamál fyrir hinsegin fólk sem víða um heim býr við engin eða afar skert réttindi og viðvarandi ógn við líf sitt og heilsu.

Samtökin '78 skora á stjórnvöld að endurskoða regluverk um útlendinga og krefjast þess um leið að hætt verði tafarlaust öllum brottvísunum flóttafólks og hælisleitenda til Grikklands, Ítalíu og annarra landa þar sem ljóst er að ekki er hægt að tryggja líf og heilsu fólks.

Sýnum mannúð og manngæsku. Það er nóg pláss á Íslandi.

Málefni hælisleitenda og flóttafólks verða æ fyrirferðarmeiri málaflokkur í Evrópu og nærliggjandi svæðum. Einnig eru málefni hinsegin hælisleitenda og flóttafólks í örri þróun innan hinsegin hreyfingarinnar í Evrópu. Hér er því mikilvægt að við vinnum með öðrum samtökum, lærum af þeim og styrkjum alþjóðasamstarf og okkar þjónustu við það fólk sem til okkar leitar.

4.6 Menning og viðburðir

4.6.1 Gallerí 78

Snemma vors 2015 átti Dr. Magnús Gestsson listfræðingur fund með formanni samtakanna þar sem Magnús kynnti formanni hugmyndir sínar um að reka gallerí í húsakynnum samtakanna. Áður en af fundinum varð hafði Magnús átt í tölvupóstsamskiptum við formann og fyrrverandi framkvæmdastjóra, Árna Grétar Jóhannsson, vegna málsins.

Ástæður þess að Magnús ákvað að kynna hugmynd sína um að reka gallerí í nýjum húsakynnum samtakanna voru m.a. að:

- gera list hinsegin listamanna sýnilega
- efna til samtals milli listunnenda, listamanna og hinsegin samfélagsins
- vinna faglegar sýningar inn í rýmið
- gera sem mest úr því að félagsmiðstöð samtakanna er í miðborginni og í nálægð við helstu liststofnanir þjóðarinnar
- nýta stóra gluggana til að gera list og menningarlega fjölbreytni innan Samtakanna 78 sýnileg
- bjóða hinsegin listamönnum öruggt rými til að sýna og kynna verk sín
- efna til listamannaspjalls í tengslum við allar sýningar gallerísins

Eftir vandlegan undirbúning var fyrsta sýningin, samsýningin Hinsýn, opnuð á vígsludegi nýrrar félagsmiðstöðvar samtakanna þann 3. október 2015. Eftirfarandi listamenn tóku þátt í fyrstu samsýningunni:

Alda Lilja, Alda Villiljós, Anna S. Sigurjónsdóttir, Bára K Kristinsdóttir, Hafsteinn Himinljómi, Hrafnkell Sigurðsson, Karla Dögg Karlsdóttir, Kristín Hauksdóttir, Lói Magnúsd, Nonni, Sólrún Jónsdóttir, Sólrún T. Auðunsdóttir, Móði (Þormóður Karlsson), Sonja Georgsdóttir, Heiða Björg Valladóttir

Að svo búnu sýndi Þorbjörg Höskuldsdóttir málverk frá 21. Nóvember 2015 – 26. Janúar 2016. Núna stendur yfir sýning Önnu Sigríðar Sigurjónsdóttur og lýkur henni 25. mars nk. Aðsókn hefur verið mikil og hefur fólk bæði komið inn af götunni á leið hjá og verið á sýningarrölti um miðborgina. Sýningar eru nú skipulagðar til ársins 2019.

4.6.2 Starfsemi í Regnbogasal félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðin opnaði að nýju með nýju húsnæði að Suðurgötu 3 þann 3. október 2015 eftir að hafa verið lokað frá byrjun júlí 2014. Haldin var vegleg opnunarhátíð þar sem um 180 manns mættu.

Fimmtudagskvöldin snéru aftur með opnunartíma frá kl. 20.00-23.00. Um tuttugu manns hafa mætt á þau kvöld að meðaltali. Fjölmennasta kvöldið var 10. desember sl.

Þar sem fólk af erlendum uppruna var sérstaklega hvatt til að mæta. Það kvöld mættu 45 manns. Þá var einnig góð mæting á DJ kvöld þar sem DJ Alda Villiljós þeytti skífum, á spilakvöld þar sem spiluð voru borðspil af ýmsu tagi og á bókakynningu þar sem Erica Pike sagði frá ástum samkynhneigðra karla í bókmenntum.

Auk þessa hafa ýmsir hópar nýtt sér húsnæðið með reglubundnum hætti, svo sem Ungliðahreyfingin, Q félag hinsegin stúdenta sem er með opið hús alla föstudaga, og Trans Ísland sem hittist einu sinni í mánuði. Hinsegin kórin hefur ekki nýtt húsnæðið til æfinga eftir að það opnaði á Suðurgötu þar sem meðlimum hans hefur fjölgað mjög og húsnæðið því of lítið fyrir hópinn.

Í desember hófst útleiga á salnum en hann er leigður út til veisluhalda til félagsfólks og annarra gegn hóflegu gjaldi.

Í október, nóvember og desember sóttu samtals 1.013 gestir opna viðburði í salakynum Samtakanna '78.

4.7 Réttindabarátta og löggjöf

Þótt íslenskt samfélag sé komið býsna langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er óhætt að segja að enn sé töluvert í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staðan sé bærileg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumsstaðar eru allir þessir þættir í ólestri.

Gott og hinseginvænt laga- og regluverk er nauðsynlegt en það eitt og sér kemur ekki endilega í veg fyrir mismunun, það þarf nefnilega líka að tryggja að farið sé eftir því. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um þetta. Að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra. Þessu má skipta í fernt:

- aðild að stofnunum sem berjast fyrir mannréttindum, s.s. MRSÍ
- áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.
- áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.
- kærur og kvartanir, annað hvort í eigin nafni eða sem aðstoð við félagsfólk

4.7.1 Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands - MRSÍ

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 en Samtökin '78 gerðust aðili að henni árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki, veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fimmtán félög eiga nú aðild að skrifstofunni og er Kitty Anderson formaður Intersex Íslands og meðstjórnandi í stjórn Samtakanna '78 fulltrúi samtakanna í stjórn skrifstofunnar.

4.7.2 Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.

- **Frumvarp um bættu réttarstöðu trans, intersex og annars hinsegin fólks**
Lagaleg staða trans og intersex fólks á Íslandi er bágborin. Aðgangur að kynskráningarbreytingum og nafnabreytingum er takmarkaður og eingöngu aðgengilegt að undangengnu löngu ferli. Aðgengilega og gagnsæa verkferla hefur vantað um þjónustu sem trans teymi LSH stendur fyrir og litla sem enga vernd er að finna þegar kemur að mismununarlöggjöf.

Reyndar er staðan þannig að litla vernd er að finna hér á landi fyrir nokkurn undir hinsegin regnhlífinni, hvort sem litið er til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna, nema þegar kemur að verslun og þjónustu. Engin úrræði eru til boða fyrir kynsegin fólk til þess að fá viðurkenningu á sinni kynvitund og kynhlutlaus nöfn standa ekki til boða. Aðgangur þessa hóps að heilbrigðisþjónustu er óljós. Trans börn hafa engan aðgang að kynskráningarbreytingum eða nafnabreytingum og heilbrigðisþjónusta við þau er ekki lögbundin. Intersex fólk er ekki viðurkennt í lögum en enga lagalega vernd er að finna á grundvelli kyneinkenna. Aðgerðir til þess að aðlaga börn með ódæmigerð kyneinkenni að félagslega mótuðum normum eru framkvæmdar hér á landi.

Á vordögum hafði þingmaðurinn Svandís Svavarsdóttir samband við hagsmunafélög Samtakanna '78, Trans Ísland og Intersex Ísland. Upp úr þessum samskiptum myndaðist starfshópur, skipaður fólki úr þessum félögum, sem vann grundrög að frumvarpi yfir

sumarmánuðina. Stjórn samtakanna var upplýst um þessa vinnu en var beðin um halda fullum trúnaði hana á þessu stigi málsins.

Með haustinu stækkaði hópurinn sem kom að þessari vinnu og síðla hausts var framkvæmdastýra Samtakanna beðin um að taka sæti í hópnum. Frumvarpsvinnan er nú komin mjög langt á veg og mun það taka á ýmsum þáttum er varða réttarstöðu Trans og Intersex fólks, jafnframt því að taka á ákveðnum þáttum í réttarstöðu annarra undir hinsegin regnhlífinni.

- **Samráðshópur um mótun stefnu í málefnum barna og barnafjölskyldna**

Samráðshópur um mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum barna og barnafjölskyldna var verkefnisstjórn til fulltingis en hlutverk hennar var að gera tillögur um stefnu og aðgerðaráætlun til félags- og húsnæðismálaráðherra. Verkefnisstjórnin afhenti ráðherra tillögur sínar þann 19. febrúar 2015 en áður hafði verið kallað eftir umsögnum um tillögudrögin. Samtökin '78 gerðu ítarlegar athugasemdir við drögin og bentu á að ekki væri lengur minnst orði á kynhneigð eða kynvitund í tillögnum, eins og ráðherra hefði þó lagt upp með í upphafi.

Hópurinn var leystur frá störfum síðar á árinu og forsendum starfsins breytt en samtökin hafa ekkert fregnað af þeirri vinnu síðan. Gunnar Helgi Guðjónsson var fulltrúi S78 í samráðshópnum.

- **Nefnd um málefni hinsegin fólks**

Nefnd um málefni hinsegin fólks sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði 30. apríl 2014 hélt vinnu sinni áfram árið 2015. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar stjórnarmálaflokka, félagasamtaka og ýmissa ráðuneyta en Svandís Anna Sigurðardóttir situr í nefndinni fyrir hönd Samtakanna '78 og er varamaður hennar Sigurður Júlíus Guðmundsson.

Tilgangur nefndarinnar er sem fyrr að skoða stöðu hinsegin fólks á Íslandi með tilliti til regnbogayfirlits ILGA Europe, kortleggja stöðu og göt í löggjöf, regluverki og stjórnsýslu og að endingu skila ráðherra tillögum til úrbóta.

Á árinu tók þriðji formaður nefndarinnar við, Linda Rós Alfreðsdóttir, sem áður hafði verið starfsmaður nefndarinnar. Mikið var rætt um stöðu intersex og trans fólks og leitað til Landspítalans og BUGL til þess að afla upplýsinga um stöðu, réttindi og þjónustu sem þessir hópar njóta. Eins var rætt við trans einstaklinga sem deildu reynslu sinni af íslenska heilbrigðis- og lagakerfinu.

Fundir voru með óreglulegu millibili, alls voru haldnir 8 fundir árið 2015 (í heildina 16 fundir, skv. formanni nefndarinnar). Í árslok 2015 var ljóst að nefndin myndi starfa áfram og var stefnan sett á að skila tillögum til ráðherra á vormánuðum 2016.

4.7.3 Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.

- **Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun**

Samtökin '78 héldu áfram að fjalla um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Samtökin ítrekuðu að þau tækju ekki afstöðu til staðgöngumæðrunar þar sem málið væri umdeilt og um það ríktu margar mismunandi skoðanir meðal félaga. Eins var áréttuð sú skoðun að réttindi eins hóps skuli aldrei ganga á mannréttindi annars. Samtökin lögðu áherslu á að færi svo að frumvarpið yrði að lögum þyrfti að tryggja að lögin mismunuðu ekki, þá t.d. á grundvelli

kynhneigðar eða kynvitundar. Það var því með þessum gleraugum sem frumvarpsdrögin voru skoðuð og gerðar athugasemdir við þær greinar frumvarpsins sem taldar voru mismuna hinsegin fólki. Svo fór að samtökin lögðust í umsögnum sínum gegn frumvarpi ráðherra. Ríkisútvarpið gerði sjónarmiðum samtakanna skil í frétt þann 10. nóvember 2015:

„Samtökin '78 telja að frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar, heilbrigðisráðherra, um staðgöngumæðrun mismuni á óbeinan hátt hinsegin fólki. Í frumvarpinu sé kveðið á um að annað væntanlegra foreldra þurfi að leggja til kynfrumur. Samtökin benda á að sá hópur sem eigi hvað erfiðast með aðgengi að ættleiðingum sé sami hópur og sé líklegastur til að geta ekki lagt fram kynfrumur.

Þetta kemur fram í umsögn samtakanna til velferðarnefndar Alþingis. Frumvarpið var lagt fram um miðjan síðasta mánuð. Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, hefur sagt að þau skilyrði sem sett eru í frumvarpinu séu mjög ströng - það sé með vilja gert.

Samkvæmt frumvarpinu getur sambúðarfólk eða einhleypir fengið leyfi til staðgöngumæðrunar en óheimilt verður að greiða sérstaklega fyrir það. Þá verður einnig óheimilt að nota kynfrumur staðgöngumóður, maka hennar eða þeirra sem eru skyldir heldur verður skylt að nota kynfrumu frá að minnsta kosti öðru væntanlegra foreldra.

Og það er síðastnefnda atriðið sem samtökin gagnrýna. Í umsögn þeirra kemur fram að hinsegin fólk og aðrir hópar (t.d fatlað fólk) hafi ekkert eða verulega skert aðgengi að ættleiðingum. Samtökin nefna sérstaklega á stöðu transfólks sem hafi farið í gegnum kynleiðréttingarferli. Í mörgum tilvikum útiloki það barneignir og framleiðslu á kynfrumum. Norðmenn ætla að breyta lögum um transfólk þannig að ekki þurfi að fjarlægja æxlunarfæri til þess að leiðrétta kyn.

Samtökin nefna einnig intersex fólk sem sé mjög ólíklegt til að geta lagt fram kynfrumur, meðal annars vegna aðgerða sem þau hafa sætt sem börn. „Samtökin benda því á að sá hópur sem er hvað líklegastur til að geta ekki lagt fram kynfrumur sé sami hópur sem eigi hvað erfiðast með aðgengi að ættleiðingum. „Á þann hátt mismunar frumvarpið á óbeinan hátt hinsegin fólki.“

Samtökin telja að frumvarpið sé litað af þeirri skoðun að líffræðileg tengsl foreldra við börn séu æðri annarskonar tengingum og að frumvarpið geri lítið úr þeim. „Samtökin '78 hljóta að mótmæla slíkum ályktunum enda ganga þær í berhögg við hagsmuni fjölmargra félagsmanna okkar.“

Þau telja að frumvarp heilbrigðisráðherra ýti undir yfirskipun þeirra fjölskylduforma sem mest líkjast hinu gagnkynhneigða „sískynja normi þar sem líffræðileg tengsl eru ráðandi og ýtir um leið undir undirskipun fjölskyldutengsla sem ekki grundvallast á líffræði,“ og leggja samtökin því gegn frumvarpinu í þeirri mynd sem það er nú.“

- **„Samviskufrelsi“ presta þjóðkirkjunnar**

Samtökin '78 héldu áfram að ávarpa og berjast gegn því misrétti sem felst í svokölluðu „samviskufrelsi“ presta þjóðkirkjunnar til að neita að gefa saman samkynja pör. Málið komst aftur í hámmæli eftir að Andrés Ingi Jónsson varapingmaður VG hreyfði við málinu á ný með fyrirspurn til innanríkisráðherra sumarið 2015.

Fór svo að ráðherra og biskup afneituðu „samviskufrelsinu“ en samtökin höfðu m.a. rætt um að mögulegt gæti verið fyrir hinsegin fólk að fá úr málum skorið, hvort slíkt ákveðið stæðist yfirhöfuð stjórnarskrá og lög, fyrir dómstólum. Samtökin telja enda slíkt ákvæði grófa og kerfisbundna mismunun opinberra þjóna gegn borgurum landsins – en þjóðkirkjan er auðvitað opinber stofnun og hefur ríkar skyldur gagnvart borgurinum.

Þótti málið ekki síst athyglisvert í ljósi undangenginna dóma Mannréttindadómstóls Evrópu, sem og viðburða í Bandaríkjunum þar sem opinberir starfsmenn vildu neita samkynja pörum um rétt þeirra til hjónabands.

Samtökin telja málið enn óútkljáð og kalla eftir skýrari skilaboðum frá yfirvöldum vegna þess.

4.7.4 Kæur og kvartanir

Samtökunum berast af og til kvartanir vegna mismununar sem hinsegin fólk verður fyrir af hálfu ýmissa aðila, jafnvel opinberra stofnanna. Nokkur dæmi eru t.d. um mismunun þjóðskrár Íslands gagnvart konum sem eignast saman börn og standa í stappi við stofnunina vegna skráninga, foreldraréttar o.fl.

Samtökin '78 hafa eftir megni reynt að aðstoða fólk en hafa hingað til haft lítið bolmagn til þess – hvorki fjárhagslegt né faglegt. Nú eru bundnar vonir við að aukin aðkoma lögfræðinga að ráðgjöf og réttindabaráttu skili sér í betri þjónustu að þessu leyti og verður spennandi að fylgjast með framvindunni vorið 2016.

4.7 Ungliðahreyfing Samtakanna '78 / Queer Youth of Reykjavík

Ungliðarnir héldu fundi öll sunnudagskvöld á árinu. Fyrri hluta árs voru fundirnir í aðstöðu Íbúðarinnar í Safamýri. Aðstaðan þar var góð en staðsetningin setti strik í reikninginn og mætingin var frekar dræm. Eftir að nýtt húsnæðið S78 á Suðurgötu 3 var tekið í notkun jókst mæting á ungliðafundi verulega og mæta nú um 15-25 ungmenni að jafnaði á hvern fund.

Stjórn ungliðana hefur haft umsjón með skipulagningu og dagskrá ungliðafunda. Ungliðarnir kusu nýja stjórn á vormánuðum og aftur um haustið en venjan er að stjórn starfi u.þ.b. eina skólaönn.

Dagskrá ungliðakvöldanna var fjölbreytt og var m.a. haldið bíókvöld, fönðurkvöld, spilakvöld, fræðslukvöld, spurt og svarað, dragg og kynuslaskvöld, piparkökuskreytingar og hrekkjavökufundur en þetta árið var lítið um ungliðahittinga utan skipulagðra ungliðakvölda. Í lok maí var haldið sérstakt sleepover í Safamýrinni þar sem ungliðarnir gistu eina nótt.

Um haustið tóku ungliðarnir þátt í gleðigöngu Hinsegin daga með dyggri aðstoð frá Ólafi Helga Moberg sem tók ungliðahópinn uppá sína arma þegar í ljós kom að hóparnir stefndu á að vera með svipað þema í göngunni, ofurhetju þema. Aðstoðin frá Ólafi Helga var mjög vel metin og myndaðist góð stemming í undirbúningi og göngunni sjálfri. Sérstakt ungmennaball var haldið á

Hinsegin dögum í samstarfi við ungliðahreyfinguna og gekk það mjög vel og var vel sótt.

Umsjónaraðilar aðstoðuðu ungliðana við að skipuleggja og framfylgja dagskrá; Guðmunda Smári Veigarsdóttir Dísuson, Sesselja María Mortensen (Setta), Sigurður Júlíus Guðmundsson og Sólveig Rós voru við störf við upphaf ársins. Sólveig Rós tók hlé frá störfum um sumarið og ráðist var í leit að sjálfboðaliðum til að fjölga umsjónaraðilum um haustið.

Mikil áhersla var lögð á að fá inn fólk sem hefði víðtæka þekkingu á hinsegin málefnum eða hefði sérstaklega mikinn áhuga á að fræðast um fjölbreytileika hinsegin samfélagsins enda ungmennin sem sækja ungliðafundi með mjög fjölbreyttan hinsegin bakgrunn. Þá var leitað leiða til að auglýsa stöður sjálfboðaliða vel í stað þess að hand velja fólk inn í starfið. Var sett upp sérstakt umsóknarform og samfélagsmiðlar nýttir til að kynna starfið víða. Góðar umsóknir bárust og tekin voru viðtöl við öll sem sóttu um. Nokkurn tíma tók að taka viðtölin og koma nýjum umsjónaraðilum inni starfið en við lok árs höfðu þrjú sjálfboðaliðar bæst í hóp umsjónaraðila; Anna Eir Guðfinnudóttir, Ársæll Hjálmarsson og Ólafur Helgi Moberg.

Ungliðarnir fengu styrk á árinu til að útbúa bæklinga og kynningarefni. Nokkrir fundir voru haldnir þar sem farið var í undirbúningsvinnu á bæklingagerðinni en verkefnið komst ekki til framkvæmda á tilskildum tíma. Það voru helst húsnæðismál Samtakanna og tímaskortur sem stóðu í vegi; þar sem húsnæðið var ekki komið í reglulega notkun fyrr en um haustið þótti ungliðunum erfitt að útbúa bækling sem væri mögulega úreltur um leið og hann kæmi út.

Ungliðahreyfingin er gífurlega mikilvægur hluti af starfsemi S78. Mjög fjölbreyttur hópur ungmenna sækir ungliðafundi hverju sinni og leitar til ungliðahreyfingarinnar eftir stuðningi og öruggu rými til að vera þau sjálf. Þangað koma ungmenni sem eru að stíga sín fyrstu skref útúr skápnunum og mikilvægt að öll hafi þau rými til að tjá tilveru sína og jafnvel prufa sig áfram með hluti sem þau hafa áður ekki þorað að segja frá eða tjá áður.

Sú þekking sem myndast hefur innan starfsins er afar dýrmæt og mikilvægt að viðhalda og miðla til allra sem koma að starfinu. Eins er mikilvægt að gott samstarf sé á milli stjórnar S78 og þeirra umsjónaraðila sem starfa með ungliðunum.

Lög Samtakanna '78

Samþykkt á aðalfundi 21. mars 2015

1. Heiti og hlutverk

- 1.1. Félagið heitir Samtökin '78 - félag hinsegin fólks á Íslandi, og hefur aðsetur í Reykjavík. Ensk þýðing félagsheitisins er Samtökin '78 - The National Queer Organization of Iceland.
- 1.2. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, asexual, þankynhneigðir, intersex fólk og trans fólk, hér eftir nefnd hinsegin fólk, verði sýnileg og viðurkennd og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.
- 1.3. Markmiðum sínum hyggst félagið einkum ná með því:
 - að skapa hinsegin fólki félagslegan og menningarlegan vettvang og styrkja þannig sjálfsvitund þess, samkennd og samstöðu um sérkenni sín.
 - að vinna að baráttumálum hinsegin fólks, svo og fræðslu um reynslu þess og sérkenni, eftir þeim leiðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni svo sem á vettvangi löggjafarvalds, í opinberu fræðsluferfi og í fjölmiðlum.
 - að eiga samstarf við sambærileg samtök, hópa og áhugafólk héraðs og erlendis sem stefna að sömu markmiðum; styðja önnur félagsamtök, sem vinna að mannréttindum, og afla stuðnings þeirra.

2. Félagsaðild – réttindi og skyldur

- 2.1. Félagi getur hver sem er gerst sem vill styðja félagið og vinna að markmiðum þess.
- 2.2. Félagar fá félagsskírteini sem gildir almanaksárið. Þeir einir teljast gildir félagar sem greitt hafa félagsgjöld. Félagsfólki ber að tilkynna úrsögn úr félaginu skriflega til stjórnar.
- 2.3. Stjórnin ber ábyrgð á félagaskrá sem einungis er til afnota fyrir stjórn og starfsfólk félagsins og eru þeir bundnir þagnarskyldu um hana.
- 2.4. Félög tengd hagsmunum Samtakanna '78 geta óskað eftir því að tengjast félaginu. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði. Til samþykktar á slíkri aðild þarf einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi. Hagsmunafélög skulu hafa eigin kennitölu, sjálfstæðan fjárhag og koma fram opinberlega í eigin nafni en ekki nafni Samtakanna '78.
- 2.5. Samþykkt hagsmunafélög eiga í sínu nafni rétt á tveimur fulltrúum með málfrelsi og tillögurétt á trúnaðaráðsfundum, enda séu þeirra talsmenn fullgildir félagar í Samtökunum '78.

3. Aðalfundur

- 3.1. Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Hann skal halda í marsmánuði ár hvert. Dagsetningu fundarins skal auglýsa á vefsíðu félagsins og með tölvupósti eigi síðar en 15. janúar. Til fundarins skal svo boða bréflaga með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini.
- 3.2. Í nóvember skipar félagsfundur þriggja manna kjörnefnd. Nefndin skal lýsa eftir og vinna að því að framboð berist til kjörs stjórnar og tíu félagsmanna til að sitja í trúnaðarráði svo og félagslegra skoðunarmanna reikninga. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja að jafnræði ríki hvað snertir m.a. aldur og kyn í hópi frambjóðenda.
- 3.3. Framboðsfrestur rennur út hálfum mánuði fyrir aðalfund og skulu frambjóðendur skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir og tilgreina varaframboð ef við á. Öll framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu eftir það kynnt á vefsíðu félagsins.
- 3.4. Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) embætti formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa; 2) embætti meðstjórnenda; 3) sæti í trúnaðarráði. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði hans. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.
- 3.5. Dagskrá aðalfundar er:
 1. Skipan fundarstjóra og fundarritara
 2. Lögmæti aðalfundar staðfest
 3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa
 4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar
 5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram
 6. Laga- og stefnuskrárbreytingar
 7. Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.
 8. Kjör tveggja meðstjórnenda
 9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráð
 10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga
 11. Önnur mál
- 3.6. Aðalfundur telst lögmætur hafi til hans verið boðað með lögmætum hætti og hið minnsta 15 félagsmenn sæki hann. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum.

4. Stjórn

- 4.1. Félagar kjósa árlega 7 manna stjórn á aðalfundi til að gegna embættum formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa og tveggja meðstjórnenda.
- 4.2. Stjórnin fer með umboð félagsins og ákvörðunarvald næst aðalfundi og félagsfundi og kemur fram fyrir hönd þess.
- 4.3. Formaður er oddviti stjórnar og stýrir fundum hennar. Í samráði við stjórn ber hann ábyrgð á að starfsemi félagsins fari samkvæmt lögum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum. Gjaldkeri er ábyrgur fyrir fjárreiðum félagsins. Alþjóðafulltrúi hefur umsjón með alþjóðasamskiptum félagsins. Meðstjórnendur sinna öðrum verkum sem stjórn ákveður. Stjórn skal á fyrsta fundi sínum setja sér skriflegar verklagsreglur til að vinna eftir.
- 4.4. Stjórnin skal halda minnst 12 stjórnarfundum á ári. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eru til staðar, þar með taldir formaður eða varaformaður.
- 4.5. Trúnaðarráð skal kjósa áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans, sbr. 5.3. Áheyrnarfulltrúi á seturétt á öllum stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Ef stjórnarmaður forfallast skal áheyrnarfulltrúi taka sæti hans. Ef stjórnarmaður hverfur úr stjórn á kjörtímabili skal trúnaðarráð skipa stjórnarmann í hans stað úr sínum röðum. Ef varaformaður, gjaldkeri eða ritari hverfur úr stjórn skal stjórn skipa úr sínum röðum í embættið fram að næsta aðalfundi.
- 4.6. Samþykktar fundargerðir stjórnar skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Þegar stjórn fjallar um viðkvæm trúnaðarmál skal halda utan um þau í sérstakri trúnaðarbók sem einungis er aðgengileg stjórn.

5. Trúnaðarráð

- 5.1. Trúnaðarráð skal vera samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess. Hlutverk þess skal vera fólgið í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu með stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál, hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og félagsfunda
- 5.2. Aðalfundur kýs árlega tíu manns í trúnaðarráð. Að auki hafa hagsmunafélög, sbr. 2.4, rétt til að skipa 2 fulltrúa í trúnaðarráð til eins árs í senn, með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt enda séu þeirra fulltrúar fullgildir félagar í Samtökunum '78. Þeir fulltrúar hafa ekki kjörgengi til embætta innan trúnaðarráðs.
- 5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en 2 vikum eftir aðalfund. Formaður stjórnar Samtakanna '78 skal stýra fundi þar til formaður hefur verið kosinn. Skal kjör formanns fara fram eins fljótt og hægt er. Að kjöri formanns loknu skal formaður taka við stjórn fundarins. Skal þá kjósa varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.
- 5.4. Formaður er oddviti trúnaðarráðs og stýrir fundum þess. Í samráði við trúnaðarráð ber hann ábyrgð á að starfsemi ráðsins fari samkvæmt lögum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formann skal kjósa til eins árs og hann

skal ekki vera gjaldgengur til að taka sæti í stjórn Samtakanna '78, komi til þess að trúnaðarráð þurfi að skipa í hana.

- 5.5. Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmatir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og í það minnsta 5 meðlimir séu á fundi.
- 5.6. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

6. Skipulag og starfsemi

- 6.1. Félagsfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda. Á félagsfundum hefur sérhver félagi rétt til að flytja mál varðandi félagið. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini. Halda skal fundargerð félagsfunda. Fundur telst lögmatir sé löglega til hans boðað og hið minnsta 15 félagar sækja hann. Félagsfundi skal stýrt samkvæmt almennum fundarsköpum við afgreiðslu mála og í umræðum eftir því sem við á.
- 6.2. Stjórn skal boða til félagsfundar að vori og hausti og oftar ef þurfa þykir. Boða skal skriflega til félagsfunda með viku fyrirvara nema sérstakar aðstæður geri annað nauðsynlegt. Hið minnsta 15 félagar geta krafist þess að boðað sé til félagsfundar.
- 6.3. Félagar kjósa árlega tíu manna trúnaðarráð og skal hlutverk þess vera fólgið í því að vera stjórn félagsins til ráðuneytis, einkum þegar fjallað er um stærri ákvarðanir, starfshætti eða ákvarðanir sem eru stefnumótandi fyrir félagið og að virkja fleiri félaga til starfa á vettvangi félagsins. Ákvörðunarvald er í höndum stjórnar og félagsfunda á milli aðalfunda. Stjórn skal kalla trúnaðarráð sama tvisvar á ári, eftir aðalfund og aftur að hausti.
- 6.4. Stjórn skal tryggja að fræðslu- og útgáfumálum sé sinnt og í því skyni getur hún skipað framkvæmdanefndir til að vinna verkefni á sviði útgáfu, skólafræðslu, fræðslu um HIV-smit, heilsuverndar og fleiri sviðum, allt eftir því sem efni og aðstæður leyfa og krefja hverju sinni.
- 6.5. Stjórnin skal hafa forystu um að skapa félögum vettvang í því skyni að rækta félagslíf sitt, m.a. með rekstri félagsmiðstöðvar. Félagar skulu ætíð eiga aðgang að safni bóka, tímarita og kvikmynda í eigu félagsins.
- 6.6. Allir félagar geta stofnað starfshópa um málefni og áhugamál sín, enda brjóti tilgangur þeirra ekki í bága við markmið félagsins. Tilkynna ber stofnun hóps skriflega til stjórnar, enda eigi talsmenn þeirra alla jafnan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum þegar fjallað er um málefni sem þeim tengjast. Rísi ágreiningur um stofnun og starfsemi hópa skal skjóta málinu til félagsfundar. Hópar skila árlega starfsskýrslu til stjórnar og geta sótt um styrki til hennar vegna starfsemi sinnar.
- 6.7. Stjórnin hefur umboð til að skipa launað starfsfólk, þar á meðal stjórnarliða. Hefðbundin stjórnarstörf skulu vera ólaunuð.

7. Fjármál

- 7.1. Félagsgjöld samkvæmt ákvörðun stjórnar skulu innheimt í upphafi árs. Félagar yngri en 24 ára og lífeyrisþegar greiða lægra félagsgjald, svo og aðrir hópar, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.
- 7.2. Aðgangseyrir og annað endurgjald til félagsins skal ævinlega vera lægra gegn framvísun félagsskírteinis en annars. Félagsréttindi eru háð því að félagsgjöld séu greidd.
- 7.3. Gjaldkeri hefur eftirlit með innheimtu tekna félagsins. Allar fjármunahreyfingar fara fram á bankareikningum Samtakanna '78 sem gjaldkeri gerir grein fyrir í ársreikningum. Reikningsár félagsins er almanaksárið.
- 7.4. Stjórn skal kynna drög að fjárhagsáætlun á félagsfundi í nóvember. Aðalfundur tekur fjárhagsáætlun til meðferðar, sbr. grein 3.4.

8. Lagabreytingar og félagsslit

- 8.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins mánuði fyrir aðalfund. Þær skulu síðan kynntar bréflaga fyrir félögum minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Undanþegnar þessum skilafresti eru tillögur sem lúta að orðalagi og formi en breyta á engan hátt efnislegu innihaldi áður framkominna tillagna. Lögum þessum verður ekki breytt nema með samþykkt á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.
- 8.2. Félagið verður ekki lagt niður nema með samþykkt á aðalfundi sem hlotið hefur sömu meðferð og tillögur að lagabreytingum og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg. Ber þá að eyða félagaskránni, en önnur gögn og eignir félagsins renna til skyldra félagasamtaka, þó ekki fyrr en eitt ár er liðið frá aðalfundi.